veitt í almennri starfsemi sinni, ef hækkunin myndi leiða til þess að farið yrði fram úr heildarfjárhæð óskertra hlutafjárskrifta ásamt þeim varasjóðum og umframfé sem heyrir til almennu fjármagni hans.

2. Upphæð hvers eiginfjárframlags skal að jafnaði ekki fara fram úr því hlutfalli eigin fjár þess fyrirtækis sem í hlut á, sem bankastjórn skal ákveða með almennri reglu að teljist hæfilegt. Bankinn skal ekki leitast við að ná með slíkum fjárfestingum yfirráðum í stjórn hlutadeigandi fyrirtækis, né beita slíkum yfirráðum eða takast á hendur beina ábyrgð á stjórn fyrirtækis sem hann hefur fjárfest í, nema vanefnd hafi orðið eða hennar megi vænta varðandi fjárfestinguna, fyrirtækið sem fjárfest hefur verið í sé ógjaldfært eða ógjaldfærni þess megi vænta, eða við aðrar aðstæður sem bankinn telur að stefni fjárfestingunni í hættu, og getur bankinn þá beitt þeim ráðstöfunum og heimildum sem hann telur nauðsynlegar til verndar hagsmunum sínum.

3. Upphæð greiddra eiginfjárframlaga bankans má aldrei fara fram úr upphæð sem samsvarar heildarfjárhæð þeirra óskertu hlutafjárskrifta sem greiddar hafa verið, umframfjár og almenns varasjóðs.

4. Bankinn má ekki ábyrgjast útflutningslán eða takast á hendur váttryggingastarfsemi.

13. gr. Starfsreglur

Bankinn skal starfa samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

- (i) í öllum rekstri sínum skal bankinn fylgja góðri venju í bankamálum,
- (ii) rekstur bankans skal fara fram með það fyrir augum að lagt sé fram fé til ákveðinna verkefna, einstakra eða sem hluta af ákveðnum fjárfestingaráætlunum, og að veitt sé tæknileg aðstoð, allt í þágu þeirra markmiða og þess hlutverks, sem lýst er í 1. og 2. gr. samnings þessa,
- (iii) bankinn skal ekki veita fé til neinna verkefna á landsvæði aðildarríkis, ef það er því andvíg,
- (iv) bankinn skal ekki leyfa að óhóflegur hluti fjármagns síns sé notaður í þágu eins eignaradila,
- (v) bankinn skal leitast við að halda eðlilegri fjölbreytni í öllum fjárfestingum sínum,

in its ordinary operations shall not be increased at any time, if by such increase the total amount of its unimpaired subscribed capital, reserves and surpluses included in its ordinary capital resources would be exceeded.

2. The amount of any equity investment shall not normally exceed such percentage of the equity capital of the enterprise concerned as shall be determined, by a general rule, to be appropriate by the Board of Directors. The Bank shall not seek to obtain by such an investment a controlling interest in the enterprise concerned and shall not exercise such control or assume direct responsibility for managing any enterprise in which it has an investment, except in the event of actual or threatened default on any of its investments, actual or threatened insolvency of the enterprise in which such investment shall have been made, or other situations which, in the opinion of the Bank, threaten to jeopardize such investment, in which case the Bank may take such action and exercise such rights as it may deem necessary for the protection of its interests.

3. The amount of the Bank's disbursed equity investment shall not at any time exceed an amount corresponding to its total unimpaired paid-in subscribed capital, surpluses and general reserve.

4. The Bank shall not issue guarantees for export credits nor undertake insurance activities.

Article 13 Operating principles

The Bank shall operate in accordance with the following principles:

- (i) the Bank shall apply sound banking principles to all its operations;
- (ii) the operations of the Bank shall provide for the financing of specific projects, whether individual or in the context of specific investment programmes, and for technical assistance, designed to fulfil its purpose and functions as set out in Articles 1 and 2 of this Agreement;
- (iii) the Bank shall not finance any undertaking in the territory of a member if that member objects to such financing;
- (iv) the Bank shall not allow a disproportionate amount of its resources to be used for the benefit of any member;
- (v) the Bank shall seek to maintain reasonable diversification in all its investments;

- (vi) áður en lán, ábyrgð eða eiginfjárframlag er veitt skal umsækjandi hafa lagt fram fullnægjandi áætlun, og bankastjóri bankans hafa lagt fyrir bankastjórnina skriflega umfjöllun um áætlunina á grundvelli athugana bankans, ásamt tillögum,
- (vii) bankinn skal ekki takast á hendur að útvega fé eða aðstöðu í þeim tilvikum er umsækjandi getur útvegað fjármagn eða aðstöðu annars staðar, með kjörum er bankinn telur viðunandi,
- (viii) er bankinn útvegar fjármagn eða ábyrgist útvegað fjármagn skal hann taka eðlilegt tillit til þess hversu fyrirsjáanlegt það er að lántaki, svo og sá er gengur í ábyrgð fyrir hann, ef við á, muni geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt viðkomandi samningi.
- (ix) veiti bankinn beint lán skal hann aðeins heimila greiðslu lánsfjárins til lántakandans eftir því sem útgjöld falla til,
- (x) bankinn skal leitast við að halda fé sínu í veltu með því að selja ávallt fjárfestingar sínar einkaaðilum þegar það er unnt með viðunandi kjörum,
- (xi) þegar bankinn fjárfestir í einstökum fyrirtækjum skal hann leggja fram fé með þeim kjörum og skilmálum sem hann telur við eiga með hliðsjón af þörfum fyrirtækisins, áhættu bankans, og þeim kjörum og skilmálum sem venjulega er náð við fjárfestingar á vegum einkaaðila við svipaðar aðstæður,
- (xii) bankinn skal ekki setja neinar takmarkanir á kaup á vöru eða þjónustu frá neinu ríki fyrir fé sem á rætur að rekja til nokkurs láns, fjárfestingar eða annarrar útvegunar á fé í almennum eða sérstökum rekstri hans, og skal alltaf þar sem við á binda lán sín eða þjónustu því skilyrði að alþjóðleg útboð fari fram,
- (xiii) bankinn skal gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að fé það, sem á rætur að rekja til láns sem hann hefur veitt, ábyrgst eða tekið þátt í, eða eiginfjárframlag sem hann hefur veitt, verði einungis notað í þeim tilgangi sem lánið eða eiginfjárframlagið var veitt til, með vðeigandi hliðsjón af hagkvæmni og skilvirkni.
- (vi) before a loan, guarantee or equity investment is granted, the applicant shall have submitted an adequate proposal and the President of the Bank shall have presented to the Board of Directors a written report regarding the proposal, together with recommendations, on the basis of a staff study;
- (vii) The Bank shall not undertake any financing, or provide any facilities, when the applicant is able to obtain sufficient financing or facilities elsewhere on terms and conditions that the Bank considers reasonable;
- (viii) in providing or guaranteeing financing, the Bank shall pay due regard to the prospect that the borrower and its guarantor, if any, will be in a position to meet their obligations under the financing contract;
- (ix) in case of a direct loan made by the Bank, the borrower shall be permitted by the Bank to draw its funds only to meet expenditure as it is actually incurred;
- (x) the Bank shall seek to revolve its funds by selling its investments to private investors whenever it can appropriately do so on satisfactory terms;
- (xi) in its investments in individual enterprises, the Bank shall undertake its financing on terms and conditions which it considers appropriate, taking into account the requirements of the enterprise, the risks being undertaken by the Bank, and the terms and conditions normally obtained by private investors for similar financing;
- (xii) the Bank shall place no restriction upon the procurement of goods and services from any country from the proceeds of any loan, investment or other financing undertaken in the ordinary or special operations of the Bank, and shall, in all appropriate cases, make its loans and other operations conditional on international invitations to tender being arranged; and
- (xiii) the Bank shall take the necessary measures to ensure that the proceeds of any loan made, guaranteed or participated in by the Bank, or any equity investment, are used only for the purposes for which the loan or the equity investment was granted and with due attention to considerations of economy and efficiency.

14. gr.

Lána- og ábyrgðaskilmálar

1. Er bankinn veitir lán, tekur þátt í lánveitingu eða ábyrgist lán skal samningurinn kveða á um skilmála fyrir viðkomandi láni eða ábyrgð, þ. á m. þeim er varða endurgreiðslu höfuðstóls, vexti og aðra þóknun, gjöld, og gjald- og greiðsludaga hvers einstaks láns eða ábyrgðar. Þegar kjör þessi eru ákveðin skal bankinn taka fullt tillit til þeirrar þarfar að tryggja tekjur sínar.

2. Þegar láns- eða ábyrgðarþegi er ekki sjálfur eignaraðili að bankanum, heldur opinbert fyrirtæki, getur bankinn þegar æskilegt þykir og með hliðsjón af hinum ýmsu aðstæðum er opinber fyrirtæki og opinber fyrirtæki sem verið er að koma í eign og undir stjórn einstaklinga búa við, krafist þess að eignaraðilinn eða eignaraðilarnir á þeim landsvæðum þar sem viðkomandi verkefni skal unnið, eða sú opinbera stofnun eða annar sá sem atbeina veitir til þess á vegum eignaraðilans eða eignaraðilanna, sem bankinn samþykkir, ábyrgist endurgreiðslu höfuðstóls, vaxta og annarrar þóknunar og gjalda af láninu samkvæmt skilmálum þeim sem um það gilda. Bankastjórn skal árlega athuga framkvæmd bankans í þessu efni, og hafa þar víðeigandi hliðsjón af lánstrausti hans.

3. Í láns- eða ábyrgðarsamningi skal skýrt tekið fram í hvaða mynt eða myntum allar greiðslur til bankans samkvæmt honum skuli greiddar, eða að það skuli gert í ECU.

15. gr.

Lántökugjald og þóknun

1. Auk vaxta skal bankinn krefjast lántökugjalds vegna lána sem hann veitir eða tekur þátt í almennri starfsemi sinni. Kjör og skilmálar sem um lántökugjaldið gilda skulu ákveðin af bankastjórn.

2. Er bankinn veitir ábyrgð fyrir láni í almennri starfsemi sinni, eða tryggir sölu verðbréfa, skal hann krefjast þóknunar samkvæmt gjaldskrá og á þeim tímum er bankastjórn ákveður, sem hæfileg sé fyrir áhættu hans.

3. Bankastjórn getur ákvarðað önnur gjöld er greidd skuli bankanum í almennri starfsemi hans, svo og lántökugjald, þóknun eða önnur gjöld sem greidd skulu í sérstakri starfsemi hans.

16. gr.

Sérstakur varasjóður

1. Tekjur bankans af lántökugjaldi og þóknun samkvæmt 15. gr. samnings þessa skulu lagðar í

Article 14

Terms and conditions for loans and guarantees

1. In the case of loans made, participated in, or guaranteed by the Bank, the contract shall establish the terms and conditions for the loan or the guarantee concerned, including those relating to payment of principal, interest and other fees, charges, maturities and dates of payment in respect of the loan or the guarantee, respectively. In setting such terms and conditions, the Bank shall take fully into account the need to safeguard its income.

2. Where the recipient of loans or guarantees of loans is not itself a member, but is a state-owned enterprise, the Bank may, when it appears desirable, bearing in mind the different approaches appropriate to public and state-owned enterprises in transition to private ownership and control, require the member or members in whose territory the project considered is to be carried out, or a public agency or any instrumentality of such member or members acceptable to the Bank, to guarantee the repayment of the principal and the payment of interest and other fees and charges of the loan in accordance with the terms thereof. The Board of Directors shall review annually the Bank's practice in this matter, paying due attention to the Bank's creditworthiness.

3. The loan or guarantee contract shall expressly state the currency or currencies, or ECU, in which all payments to the Bank thereunder shall be made.

Article 15

Commission and fees

1. The Bank shall charge, in addition to interest, a commission on loans made or participated in as part of its ordinary operations. The terms and conditions of this commission shall be determined by the Board of Directors.

2. In guaranteeing a loan as part of its ordinary operations, or in underwriting the sale of securities, the Bank shall charge fees, payable at rates and times determined by the Board of Directors, to provide suitable compensation for its risks.

3. The Board of Directors may determine any other charges of the Bank in its ordinary operations and any commission, fees or other charges in its special operations.

Article 16

Special reserve

1. The amount of commissions and fees received by the Bank pursuant to Article 15 of this

sérstakan varasjóð til að mæta tapi bankans samkvæmt 17. gr. sammingsins. Hinn sérstaki varasjóður skal hafður tiltækur í því formi sem bankinn ákveður.

2. Nú telur bankastjórn að hinn sérstaki varasjóður sé nægur, og getur hún þá ákveðið að áðurgreint lántökugjald eða þóknun skuli eftirleiddis að öllu leyti eða að hluta teljast til tekna bankans.

17. gr.

Hvernig tapi bankans skal mætt

1. Nú verður greiðslufall eða vanefnd á láni sem bankinn hefur veitt í almennri starfsemi, ábyrgst eða tekið þátt í, eða tap vegna tryggingar á sölu verðbréfa eða eiginfjárframlags, og skal bankinn þá gera þær ráðstafanir er hann telur viðeigandi. Bankinn skal gera viðeigandi ráðstafanir til að mæta hugsanlegu tapi.

2. Tap, sem bankinn verður fyrir í almennri starfsemi, skal færa til gjalda á móti:

- (i) í fyrsta lagi, þeim ráðstöfunum er í 1. tl. þessarar greinar segir,
- (ii) í öðru lagi, hagnaði,
- (iii) í þriðja lagi, sérstökum varasjóði samkvæmt 16. gr. sammings þessa,
- (iv) í fjórða lagi, almennum varasjóði og umframfé,
- (v) í fimmta lagi, óskertu greiddu hlutafé, og
- (vi) í síðasta lagi, hæfilegri fjárhæð á því kröfuhlutafé sem áskrift hefur fengist fyrir og ekki hefur verið krafðið um, og skal þá krefjast greiðslu á því samkvæmt 4. og 5. tl. 6. gr. sammings þessa.

18. gr.

Sérsjóðir

1. Bankinn getur tekið að sér að sjá um sérsjóði sem ætlað er að stuðla að markmiðum hans og starfa innan starfssviðs hans. Allur kostnaður sem hlýst af umsjón með slíkum sjóðum skal færður til gjalda hjá þeim sjóði sem í hlut á.

2. Sérsjóði sem bankinn tekur við má nota á hvern þann hátt og með hverjum þeim kjörum og skilyrðum sem samræmast markmiðum og hlutverki bankans, öðrum ákvæðum sammings þessa sem við eiga, og samningi þeim eða samningum sem um slíka sjóði fjalla.

3. Bankinn skal setja sér þær reglur og samþykktir sem þörf kann að vera á vegna stofnunar, umsjónar og nýtingar hvers sérsjóðs. Reglur þess-

Agreement shall be set aside as a special reserve which shall be kept for meeting the losses of the Bank in accordance with Article 17 of this Agreement. The special reserve shall be held in such liquid form as the Bank may decide.

2. If the Board of Directors determines that the size of the special reserve is adequate, it may decide that all or part of the said commission or fees shall henceforth form part of the income of the Bank.

Article 17

Methods of meeting the losses of the Bank

1. In the Bank's ordinary operations, in cases of arrears or default on loans made, participated in, or guaranteed by the Bank, and in cases of losses on underwriting and in equity investment, the Bank shall take such action as it deems appropriate. The Bank shall maintain appropriate provisions against possible losses.

2. Losses arising in the Bank's ordinary operations shall be charged:

- (i) first, to the provisions referred to in paragraph 1 of this Article;
- (ii) second, to net income;
- (iii) third, against the special reserve provided for in Article 16 of this Agreement;
- (iv) fourth, against its general reserves and surpluses;
- (v) fifth, against the unimpaired paid-in capital; and
- (vi) last, against an appropriate amount of the uncalled subscribed callable capital which shall be called in accordance with the provisions of paragraphs 4 and 5 of Article 6 of this Agreement.

Article 18

Special Funds

1. The Bank may accept the administration of Special Funds which are designed to serve the purpose and come within the functions of the Bank. The full cost of administering any such Special Fund shall be charged to that Special Fund.

2. Special Funds accepted by the Bank may be used in any manner and on any terms and conditions consistent with the purpose and the functions of the Bank, with the other applicable provisions of this Agreement and with the agreement or agreements relating to such Funds.

3. The Bank shall adopt such rules and regulations as may be required for the establishment, administration and use of each Special Fund. Such

ar og samþykktir skulu vera í samræmi við ákvæði samnings þessa, önnur en þau sem tekið er fram að gildi aðeins um almenna starfsemi bankans.

rules and regulations shall be consistent with the provisions of this Agreement, except for those provisions expressly applicable only to ordinary operations of the Bank.

19. gr.

Fé sérsjóða

Með orðunum „fé sérsjóða“ er átt við fé hvers einstaks sérsjóðs, og tekur það til:

- (i) fjár sem bankinn hefur tekið við til innlagnar í sérsjóð,
- (ii) fjár sem endurgreitt er vegna láns eða ábyrgðar, og fjár sem aflað hefur verið með eiginfjárframlagi, sem veitt hefur verið af fé sérsjóðs, og sem rennur til sérsjóðs samkvæmt reglum og samþykktum sem um sérsjóðinn gilda, og
- (iii) fjár sem aflast hefur með fjárfestingu af fé sérsjóðs.

Article 19 Special Funds resources

The term “Special Funds resources” shall refer to the resources of any Special Fund and shall include:

- (i) funds accepted by the Bank for inclusion in any Special Fund;
- (ii) funds repaid in respect of loans or guarantees, and the proceeds of equity investment, financed from the resources of any Special Fund which, under the rules and regulations governing that Special Fund, are received by such Special Fund; and
- (iii) income derived from investment of Special Funds resources.

IV. kafli

Lántökur og ýmsar aðrar heimildir

20. gr.

Almennar heimildir

1. Auk heimilda bankans, sem tilgreindar eru annars staðar í samningi þessum, getur hann:

- (i) tekið fé að láni í aðildarríkjum eða annars staðar, enda
 - (a) skal hann hafa aflað samþykkis þess ríkis sem í hlut á, áður en hann selur skuldaviðurkenningar sínar á landsvæði þess, og
 - (b) skal hann hafa aflað samþykkis aðildarríkis, eigi skuldaviðurkenningar bankans að vera í mynt þess,
- (ii) fest það fé sem hann ekki þarfnast í rekstri sínum, eða geymt það á reikningi,
- (iii) keypt og selt verðbréf á eftirmarkaði, sem bankinn hefur gefið út, ábyrgst eða fjárfest í,
- (iv) ábyrgst greiðslu verðbréfa sem hann hefur fjárfest í, til að greiða fyrir sölu þeirra,
- (v) veitt eða tekið þátt í að veita tryggingu fyrir sölu á verðbréfum er fyrirtæki gefur út í tilgangi sem samræmist markmiðum og hlutverki bankans,
- (vi) veitt tæknilega ráðgjöf og aðstoð sem þjónar markmiðum hans og samræmist hlutverki hans,

Chapter IV

Borrowing and other miscellaneous powers

Article 20

General powers

1. The Bank shall have, in addition to the powers specified elsewhere in this Agreement, the power to:

- (i) borrow funds in member countries or elsewhere, provided always that:
 - (a) before making a sale of its obligations in the territory of a country, the Bank shall have obtained its approval; and
 - (b) where the obligations of the Bank are to be denominated in the currency of a member, the Bank shall have obtained its approval;
- (ii) invest or deposit funds not needed in its operations;
- (iii) buy and sell securities, in the secondary market, which the Bank has issued or guaranteed or in which it has invested;
- (iv) guarantee securities in which it has invested in order to facilitate their sale;
- (v) underwrite, or participate in the underwriting of, securities issued by any enterprise for purposes consistent with the purpose and functions of the Bank;
- (vi) provide technical advice and assistance which serve its purpose and come within its functions;

- (vii) beitt þeim heimildum öðrum og sett sér þær reglur og samþykktir sem samræmast ákvæðum samnings þessa, og sem þörf kann að vera á eða henta kunna til að stuðla að markmiðum hans og gegna hlutverki hans, og
- (viii) gert samstarfssamninga við hvern eða hverja opinbera aðila eða einkaaðila sem vera skal.

2. Á framhlið hvers verðbréfs sem bankinn gefur út eða tryggir sölu á skal vera greinileg áletrun þess efnis að bréfið sé ekki skuldbinding neins ríkis eða eignaraðila, nema það sé reyndar skuldbinding ákveðins ríkis eða eignaraðila, og skal það þá lettrað á bréfið.

V. kafli

Myntir

21. gr.

Ákvörðun um myntir og notkun þeirra

1. Hvenær sem nauðsynlegt er samkvæmt samningi þessum að ákvarða hvort mynt sé að fullu skiptanleg samkvæmt honum, skal bankinn gera það, með þá höfuðnauðsyn í huga að vernda eigin fjárhagslegu hagsmuni, og í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, ef þörf krefur.

2. Eignaraðilar skulu ekki setja neinar takmarkanir á viðtöku, vörslu, notkun eða yfirfærslu bankans á

- (i) myntum eða ECU sem bankinn tekur við sem greiðslu á hlutfjáraskriftum samkvæmt 6. gr. samnings þessa,
- (ii) myntum sem bankinn fær við lántöku,
- (iii) myntum eða öðru fjármagni sem bankinn fer með sem framlög til sérsjóða,
- (iv) myntum sem bankinn tekur við sem greiðslu á höfuðstóli, vöxtum, arði eða öðrum kröfum í tengslum við lánveitingar eða fjárfestingar, eða sem greiðslu fyrir það, sem fé samkvæmt liðum (i) - (iii) hefur verið varið til, eða sem greiðslu á lántökugjaldi, þóknun eða öðrum gjöldum.

- (vii) exercise such other powers and adopt such rules and regulations as may be necessary or appropriate in furtherance of its purpose and functions, consistent with the provisions of this Agreement; and

- (viii) conclude agreements of cooperation with any public or private entity or entities.

2. Every security issued or guaranteed by the Bank shall bear on its face a conspicuous statement to the effect that it is not an obligation of any Government or member, unless it is in fact the obligation of a particular Government or member, in which case it shall so state.

Chapter V

Currencies

Article 21

Determination and use of currencies

1. Whenever it shall become necessary under this Agreement to determine whether any currency is fully convertible for the purposes of this Agreement, such determination shall be made by the Bank, taking into account the paramount need to preserve its own financial interests, after consultation, if necessary, with the International Monetary Fund.

2. Members shall not impose any restrictions on the receipt, holding, use or transfer by the Bank of the following:

- (i) currencies or ECU received by the Bank in payment of subscriptions to its capital stock in accordance with Article 6 of this Agreement;
- (ii) currencies obtained by the Bank by borrowing;
- (iii) currencies and other resources administered by the Bank as contributions to Special Funds; and
- (iv) currencies received by the Bank in payment on account of principal, interest, dividends or other charges in respect of loans or investments or the proceeds of disposal of such investments made out of any of the funds referred to in sub-paragraphs (i) to (iii) of this paragraph, or in payment of commission, fees or other charges.

VI. kafli
Skipulag og stjórn
 22. gr.
Stjórnskipulag

Bankinn skal hafa bankaráð, bankastjórn, bankastjóra, einn eða fleiri aðstoðarbankastjóra, og þá yfirmenn og starfsmenn aðra sem þörf kann að vera talin á.

23. gr.

Skipan bankaráðs

1. Hver eignaraðili skal eiga sér fyrirvar í bankaráði, og skal tilnefna einn bankaráðsmann og einn varamann. Bankaráðsmaður og varamaður hans skulu starfa meðan sá eignaraðili vill það, sem tilnefndi þá. Varamaður má ekki greiða atkvæði, nema að aðalmanni hans fjarstöddum. Á hverjum ársfundi sínum skal bankaráðið kjósa sér formann úr hópi bankaráðsmanna, og skal hann gegna því starfi þar til næsti formaður verður kjörinn.

2. Bankaráðsmenn og varamenn skulu gegna störfum sínum án launa frá bankanum.

24. gr.

Völd bankaráðs

1. Bankaráð fer með allt vald í málefnum bankans.

2. Bankaráð getur framselt vald sitt til bankastjórnar að öllu eða nokkru leyti, nema hvað snertir

- (i) inntöku nýrra eignaraðila og ákvörðun á inntökuskilmálum þeirra,
- (ii) aukningu eða minnkun á hlutfé bankans,
- (iii) brottvikningu eignaraðila,
- (iv) úrskurði á áfrýjunum á úrskurði bankastjórnar um túlkun eða framkvæmd samnings þessa,
- (v) heimildir til að gera almenna samstarfsamninga við aðrar alþjóðastofnanir,
- (vi) kjör bankastjórnar og bankastjóra,
- (vii) ákvörðun um þóknun bankastjórnar og varamanna í bankastjórn, og launum og öðrum starfssamningskjörum bankastjóra,
- (viii) staðfestingu á efnahags- og rekstursreikningi bankans að fenginni áritun endurskoðenda,
- (ix) ákvörðun um hvað lagt skuli í varasjóð og um ráðstöfun og dreifingu hagnaðar,

Chapter VI
Organization and management
 Article 22
Structure

The Bank shall have a Board of Governors, a Board of Directors, a President, one or more Vice-Presidents and such other officers and staff as may be considered necessary.

Article 23

Board of Governors: Composition

1. Each member shall be represented on the Board of Governors and shall appoint one Governor and one Alternate. Each Governor and Alternate shall serve at the pleasure of the appointing member. No Alternate may vote except in the absence of his or her principal. At each of its annual meetings, the Board shall elect one of the Governors as Chairman who shall hold office until the election of the next Chairman.

2. Governors and Alternates shall serve as such without remuneration from the Bank.

Article 24

Board of Governors: Powers

1. All the powers of the Bank shall be vested in the Board of Governors.

2. The Board of Governors may delegate to the Board of Directors any or all of its powers, except the power to:

- (i) admit new members and determine the conditions of their admission;
- (ii) increase or decrease the authorized capital stock of the Bank;
- (iii) suspend a member;
- (iv) decide appeals from interpretations or applications of this Agreement given by the Board of Directors;
- (v) authorize the conclusion of general agreements for co-operation with other international organizations;
- (vi) elect the Directors and the President of the Bank;
- (vii) determine the remuneration of the Directors and Alternate Directors and the salary and other terms of the contract of service of the President;
- (viii) approve, after reviewing the auditors' report, the general balance sheet and the statement of profit and loss of the Bank;
- (ix) determine the reserves and the allocation and distribution of the net profits of the Bank;

- (x) breytingar á samningi þessum,
- (xi) ákvörðun um að hætta rekstri bankans og skipta eignum hans, eða
- (xii) beitingu annarra heimilda sem berum orðum eru veittar bankaráði í samningi þessum.

3. Bankaráð skal halda fullri heimild til að ráða hverju því máli sem framselt er eða falið bankastjórn samkvæmt 2. tl. þessarar greinar eða annars staðar í samningi þessum.

25. gr.

Starfshættir bankaráðs

1. Bankaráð skal halda ársfund, svo og þá fundi sem það kann sjálft að kveða á um eða bankastjórn að boða til. Bankastjórn skal ætíð boða til bankaráðsfundar þegar þess er krafist af eigi færri en fimm (5) eignaraðilum bankans, eða eignaraðilum sem ekki fara með minna en fjórðung af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna.

2. Fundur bankaráðs er lögmætur ef tveir af hverjum þremur bankaráðsmönnum sækja hann, enda fari sá meiri hluti ekki með minna en tvo þriðju hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna.

3. Bankaráð getur með reglugerð komið á tilhögun um að bankastjórn geti lagt tiltekin mál fyrir bankaráðsmenn til atkvæðagreiðslu þegar hún telur það æskilegt án þess að ráðið sé kvatt saman til fundar.

4. Bankaráð, svo og bankastjórn að því marki sem heimild hennar nær til, getur sett reglur og samþykktir og komið á fót þeim undirstofnunum sem þörf kann að vera á eða henta kunna vegna reksturs bankans.

26. gr.

Skipan bankastjórnar

1. Bankastjórn skal skipuð tuttugu og þremur (23) mönnum, sem ekki eiga sæti í bankaráði, og af þeim skulu

- (i) ellefu (11) kjörnir af bankaráðsmönnum þeim sem fara með umboð Belgiu, Danmerkur, Frakklands, Grikklands, Hollands, Írlands, Ítalíu, Lúxemborgar, Portúgals, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Spánar, Stóra-Bretlands, Efnahagsbandalags Evrópu og Fjárfestingarbanka Evrópu, og

- (x) amend this Agreement;
- (xi) decide to terminate the operations of the Bank and to distribute its assets; and
- (xii) exercise such other powers as are expressly assigned to the Board of Governors in this Agreement.

3. The Board of Governors shall retain full power to exercise authority over any matter delegated or assigned to the Board of Directors under paragraph 2 of this Article, or elsewhere in this Agreement.

Article 25

Board of Governors: Procedure

1. The Board of Governors shall hold an annual meeting and such other meetings as may be provided for by the Board or called by the Board of Directors. Meetings of the Board of Governors shall be called, by the Board of Directors, whenever requested by not less than five (5) members of the Bank or members holding not less than one quarter of the total voting power of the members.

2. Two-thirds of the Governors shall constitute a quorum for any meeting of the Board of Governors, provided such majority represents not less than two-thirds of the total voting power of the members.

3. The Board of Governors may by regulation establish a procedure whereby the Board of Directors may, when the latter deems such action advisable, obtain a vote of the Governors on a specific question without calling a meeting of the Board of Governors.

4. The Board of Governors, and the Board of Directors to the extent authorized, may adopt such rules and regulations and establish such subsidiary bodies as may be necessary or appropriate to conduct the business of the Bank.

Article 26

Board of Directors: Composition

1. The Board of Directors shall be composed of twenty-three (23) members who shall not be members of the Board of Governors, and of whom:

- (i) Eleven (11) shall be elected by the Governors representing Belgium, Denmark, France, the Federal Republic of Germany, Greece, Ireland, Italy, Luxembourg, the Netherlands, Portugal, Spain, the United Kingdom, the European Economic Community and the European Investment Bank; and

- (ii) tólf (12) kjörnir af bankaráðsmönnum þeim sem fara með umboð annarra eignaraðila, en af þeim skulu
- (a) fjórir (4) kjörnir af bankaráðsmönnum þeim er fara með umboð ríkja þeirra sem tilgreind eru í viðauka A sem Mið- og Austur-Evrópuríki er notið geta aðstoðar þankans,
 - (b) fjórir (4) kjörnir af bankaráðsmönnum þeim er fara með umboð ríkja þeirra sem tilgreind eru í viðauka A sem önnur Evrópuríki,
 - (c) fjórir (4) kjörnir af bankaráðsmönnum þeim er fara með umboð ríkja þeirra sem tilgreind eru í viðauka A sem ríki utan Evrópu.

Auk þess að koma fram fyrir hönd þeirra eignaraðila sem bankaráðsmenn þeir er þá hafa kjörið starfa fyrir, geta bankastjórar einnig komið fram fyrir hönd eignaraðila sem fela þeim að fara með atkvæði sín.

2. Bankastjórar skulu hafa mikla hæfileika til að bera á sviði efnahags- og fjármála, og skulu þeir kjörnir samkvæmt viðauka B.

3. Með atkvæðum eigi færri en tveggja af hverjum þremur bankaráðsmönnum, sem ekki fara með minna en þrjú fjórðu hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna, getur bankaráðið fjölgað eða fækkað fulltrúum í bankastjórn eða breytt skipan hennar í því skyni að taka tillit til breytinga á fjölda eignaraðila að bankanum. Án þess að það skerði réttinn til beiðingar þessara heimilda við síðari kjör skal fjöldi fulltrúa í bankastjórn í annarri bankastjórn, og skipan hennar, vera eins og mælt er fyrir um í 1. tl. þessarar greinar.

4. Hver fulltrúi í bankastjórn skal tilnefna varamann er hafi fullt umboð til að koma fram fyrir hans hönd í fjarveru hans. Fulltrúar í bankastjórn og varamenn þeirra skulu vera ríkisborgarar aðildarríkja. Enginn eignaraðili má hafa fleiri fulltrúa í bankastjórn en einn er komi fram fyrir hans hönd. Varamaður má sækja fundi stjórnarinnar, en aðeins greiða atkvæði er hann kemur fram fyrir hönd aðalmanns síns.

5. Fulltrúar í bankastjórn skulu gegna störfum í þrjú (3) ár, og má endurkjósa þá; þó skal hin fyrsta bankastjórn kosin af bankaráði á fyrsta fundi þess, og gegna störfum þar til næsti ársfundur þess verður haldinn, en, ákveði ráðið það á næsta ársfundi, til næsta ársfundar þar á eftir. Þeir skulu sitja uns eftirmenn þeirra hafa verið kosnir og hafa tekið við störfum. Nú verður sæti fulltrúa í bankastjórn laust áður en eitt hundrad og áttatíu (180) dagar eru til loka starfstímabils hans, og skulu þá

- (ii) Twelve (12) shall be elected by the Governors representing other members, of whom:

- (a) four (4), by the Governors representing those countries listed in Annex A as Central and Eastern European countries eligible for assistance from the Bank;
- (b) four (4), by the Governors representing those countries listed in Annex A as other European countries;
- (c) four (4), by the Governors representing those countries listed in Annex A as non-European countries.

Directors, as well as representing members whose Governors have elected them, may also represent members who assign their votes to them.

2. Directors shall be persons of high competence in economic and financial matters and shall be elected in accordance with Annex B.

3. The Board of Governors may increase or decrease the size, or revise the composition, of the Board of the Directors, in order to take into account changes in the number of members of the Bank, by an affirmative vote of not less than two-thirds of the Governors, representing not less than three-fourths of the total voting power of the members. Without prejudice to the exercise of these powers for subsequent election, the number and composition of the second Board of Directors shall be as set out in paragraph 1 of this Article.

4. Each Director shall appoint an Alternate with full power to act for him or her when he or she is not present. Directors and Alternates shall be nationals of member countries. No member shall be represented by more than one Director. An Alternate may participate in meetings of the Board but may vote only when he or she is acting in place of his or her principal.

5. Directors shall hold office for a term of three (3) years and may be reelected; provided that the first Board of Directors shall be elected by the Board of Governors at its inaugural meeting, and shall hold office until the next immediately following annual meeting of the Board of Governors or, if that Board shall so decide at that annual meeting, until its next subsequent annual meeting. They shall continue in office until their successors shall have been chosen and assumed office. If the

bankaráðsmenn er kusu þann fulltrúa í bankastjórn velja eftirmann hans til enda tímabilsins samkvæmt viðauka B. Til kjörsins þarf meiri hluta greiddra atkvæða þeirra bankaráðsmanna sem í hlut eiga. Verði sæti fulltrúa í bankastjórn laust eitt hundrað og áttatíu (180) dögum fyrir lok starfstímabils hans eða síðar, má á sama hátt kjósa eftirmann hans til loka starfstímabilsins með atkvæðum þeirra bankaráðsmanna sem kusu fulltrúa þann í bankastjórn sem lét af störfum, og þarf til þess kjörs meiri hluta greiddra atkvæða þeirra bankaráðsmanna sem í hlut eiga. Meðan sætið er laust skal varamaður þess fulltrúa í bankastjórn sem lét af störfum fara með vald hans, annað en tilnefningu varamanns.

27. gr.

Völd bankastjórnar

Bankastjórn skal falið, án þess að skertar séu heimildir bankaráðs samkvæmt 24. gr. samnings þessa, að fara með yfirstjórn bankans í almennum rekstri, og skal hún í því skyni, auk þeirra heimilda sem samningur þessi veitir henni sérstaklega, fara með allt vald sem bankaráð framselur henni, einkum hvað snertir

- (i) undirbúning á störfum bankaráðs,
- (ii) stefnumörkun og ákvarðanatöku í samræmi við almenn fyrirmæli bankaráðs varðandi veitingu lána og ábyrgða, fjárfestingu í eigin fé fyrirtækja, lántökur bankans, veitingu tæknilegrar aðstoðar og annan rekstur bankans,
- (iii) að leggja endurskoðaða reikninga hvers fjárhagsárs fyrir bankaráð til samþykktar á hverjum ársfundi, og
- (iv) að samþykkja fjárhagsáætlun bankans.

28. gr.

Starfsreglur bankastjórnar

1. Bankastjórn skal venjulega starfa í höfuðstöðvum bankans, og skal hún koma saman svo oft sem verkefni bankans krefjast.

2. Fundur bankastjórnar er lögmætur ef meiri hluti fulltrúa í bankastjórn sækir hann, enda fari sá meiri hluti ekki með minna en tvo þriðju hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna.

office of a Director becomes vacant more than one hundred and eighty (180) days before the end of his or her term, a successor shall be chosen in accordance with Annex B, for the remainder of the term, by the Governors who elected the former Director. A majority of the votes cast by such Governors shall be required for such election. If the office of a Director becomes vacant one hundred and eighty (180) days or less before the end of his or her term, a successor may similarly be chosen for the remainder of the term, by the votes cast by such Governors who elected the former Director, in which election a majority of the votes cast by such Governors shall be required. While the office remains vacant, the Alternate of the former Director shall exercise the powers of the latter, except that of appointing an Alternate.

Article 27

Board of Directors: Powers

Without prejudice to the powers of the Board of Governors as provided in Article 24 of this Agreement, the Board of Directors shall be responsible for the direction of the general operation of the Bank and, for this purpose, shall, in addition to the powers assigned to it expressly by this Agreement, exercise all the powers delegated to it by the Board of Governors, and in particular:

- (i) prepare the work of the Board of Governors;
- (ii) in conformity with the general directions of the Board of Governors, establish policies and take decisions concerning loans, guarantees, investment in equity capital, borrowing by the Bank, the furnishing of technical assistance, and other operations of the Bank;
- (iii) submit the audited accounts for each financial year for approval of the Board of Governors at each annual meeting; and
- (iv) approve the budget of the Bank

Article 28

Board of Directors: Procedure

1. The Board of Directors shall normally function at the principal office of the Bank and shall meet as often as the business of the Bank may require.

2. A majority of the Directors shall constitute a quorum for any meeting of the Board of Directors, provided such majority represents not less than two-thirds of the total voting power of the members.

3. Bankastjórn skal setja samþykktir um að eignaraðili geti, ef enginn fulltrúi í bankastjórn er af þjóðerni hans, sent fulltrúa án atkvæðisréttar á fundi bankastjórnar, þegar málefni er sérstaklega varðar þann eignaraðila er til umfjöllunar.

3. The Board of Governors shall adopt regulations under which, if there is no Director of its nationality, a member may send a representative to attend, without right to vote, any meeting of the Board of Directors when a matter particularly affecting that member is under consideration.

29. gr.

Atkvæðagreiðslur

1. Atkvæðamagn hvers eignaraðila skal fara eftir fjölda þeirra hluta sem hann hefur skrifað sig fyrir í hlutfé bankans. Greiði eignaraðili ekki hluta af gjaldfallinni fjárhæð þrátt fyrir skuldbindingar hans varðandi greiðsluhlutfé samkvæmt 6. gr. samnings þessa, getur hann ekki meðan á greiðsludrætti stendur farið með atkvæðisrétt, sem samsvarar hlutfalli ógreiddrar en gjaldfallinnar fjárhæðar af heildarfjárhæð þeirra greiðsluhluta sem sá eignaraðili hefur skrifað sig fyrir í hlutfé bankans.

2. Er atkvæði eru greidd í bankaráði á hver bankaráðsmaður rétt á að greiða þau atkvæði, sem sá eignaraðili hefur er hann kemur fram fyrir. Sé ekki annað tekið fram í samningi þessum ræður meiri hluti atkvæðamagns þeirra eignaraðila sem atkvæði greiða niðurstöðu mála í bankaráði.

3. Er atkvæði eru greidd í bankastjórn á hver fulltrúi í bankastjórn rétt á að greiða jafn mörg atkvæði og bankaráðsmenn þeir er kosið hafa hann, svo og þeir bankaráðsmenn sem framselt hafa honum atkvæði sín samkvæmt staflíð D í viðauka B, eiga rétt á að greiða. Fulltrúi í bankastjórn sem kemur fram fyrir hönd fleiri eignaraðila en eins getur greitt atkvæði hvers þeirra sérstaklega. Sé ekki annað tekið fram í samningi þessum, og að undanskildum ákvörðunum um stefnumarkandi atriði, sem taka skal með eigi minna en tveimur þriðju hlutum af öllu atkvæðamagni þeirra eignaraðila sem atkvæði greiða, ræður meiri hluti atkvæðamagns þeirra eignaraðila sem atkvæði greiða niðurstöðu mála í bankastjórn.

30. gr.

Bankastjóri

1. Bankaráð skal kjósa bankastjóra fyrir bankann með atkvæðum meiri hluta allra bankaráðsmanna, er a.m.k. fara með meiri hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna. Meðan bankastjórinn gegnir störfum má hann ekki vera bankaráðsmaður eða fulltrúi í bankastjórn, né varamaður þeirra.

Article 29

Voting

1. The voting power of each member shall be equal to the number of its subscribed shares in the capital stock of the Bank. In the event of any member failing to pay any part of the amount due in respect of its obligations in relation to paid-in shares under Article 6 of this Agreement, such member shall be unable for so long as such failure continues to exercise that percentage of its voting power which corresponds to the percentage which the amount due but unpaid bears to the total amount of paid-in shares subscribed to by that member in the capital stock of the Bank.

2. In voting in the Board of Governors, each Governor shall be entitled to cast the votes of the members he or she represents. Except as otherwise expressly provided in this Agreement, all matters before the Board of Governors shall be decided by a majority of the voting power of the members voting.

3. In voting in the Board of Directors each Director shall be entitled to cast the number of votes to which the Governors who have elected him or her are entitled and those to which any Governors who have assigned their votes to him or her, pursuant to Section D of Annex B, are entitled. A Director representing more than one member may cast separately the votes of the members he or she represents. Except as otherwise expressly provided in this Agreement, and except for general policy decisions in which cases such policy decisions shall be taken by a majority of not less than two-thirds of the total voting power of the members voting, all matters before the Board of Directors shall be decided by a majority of the voting power of the members voting.

Article 30

The President

1. The Board of Governors, by a vote of a majority of the total number of Governors, representing not less than a majority of the total voting power of the members, shall elect a President of the Bank. The President, while holding office, shall not be a Governor or a Director or an Alternate for either.

2. Starfstímabil bankastjórans er fjögur (4) ár. Hann má endurkjósa. Hann skal þó láta af störfum ef eigi færri en tveir af hverjum þremur bankaráðsmönnum, sem ekki fara með minna en tvo þriðju hluta af öllu atkvæðamagni eignaraðilanna, greiða því atkvæði. Nú verður starf bankastjóra laust af einhverjum ástæðum, og skal þá bankaráð kjósa eftirmann hans til allt að fjögurra (4) ára, samkvæmt ákvæðum 1. tl. þessarar greinar.

3. Bankastjórinn skal ekki greiða atkvæði, en getur þó greitt úrslitaatkvæði þegar atkvæði falla jafnt. Hann á rétt til setu á fundum bankaráðs, og skal stýra fundum bankastjórnar.

4. Bankastjórinn er fyrrvarsmaður bankans að lögum.

5. Bankastjórinn er yfirmaður starfslíðs bankans. Hann ber ábyrgð á verkaskiptingu, ráðningu og uppsögnum yfirmanna og annarra starfsmanna samkvæmt samþykkt er bankastjórn skal setja. Er hann ræður yfirmenn og aðra starfsmenn skal hann hafa eðlilega hliðsjón af því, að þeir komi sem víðast að meðal eignaraðila að bankanum, þó þannig að dugnaður og fagleg kunnátta sitji í fyrrirúmi.

6. Bankastjórinn stjórnar daglegum rekstri bankans undir yfirstjórn bankastjórnar.

31. gr.

Aðstoðarbankastjóri (-stjórar)

1. Bankastjórn skal að tillögu bankastjóra skipa einn eða fleiri aðstoðarbankastjóra. Um starfstímabil og valdsvið aðstoðarbankastjóra og hlutverk hans í stjórn bankans skal fara að ákvörðun bankastjórnar. Í fjarveru eða forföllum bankastjóra skal aðstoðarbankastjóri fara með vald hans og gegna störfum hans.

2. Aðstoðarbankastjóri má sækja fundi bankastjórnar án atkvæðisréttar, en þó getur hann greitt úrslitaatkvæði þegar hann kemur fram í stað bankastjóra.

32. gr.

Alþjóðlegt eðli bankans

1. Bankinn má ekki taka við sérsjóðum eða þiggja lán eða aðra aðstoð sem gæti á einhvern hátt skert, raskað eða breytt markmiðum hans og hlutverki.

2. The term of office of the President shall be four (4) years. He or she may be re-elected. He or she shall, however, cease to hold office when the Board of Governors so decides by an affirmative vote of not less than two-thirds of the Governors, representing not less than two-thirds of the total voting power of the members. If the office of the President for any reason becomes vacant, the Board of Governors, in accordance with the provisions of paragraph 1 of this Article, shall elect a successor for up to four (4) years.

3. The President shall not vote, except that he or she may cast a deciding vote in case of an equal division. He or she may participate in meetings of the Board of Governors and shall chair the meetings of the Board of Directors.

4. The President shall be the legal representative of the Bank.

5. The President shall be chief of the staff of the Bank. He or she shall be responsible for the organisation, appointment and dismissal of the officers and staff in accordance with regulations to be adopted by the Board of Directors. In appointing officers and staff, he or she shall, subject to the paramount importance of efficiency and technical competence, pay due regard to recruitment on a wide geographical basis among members of the Bank.

6. The President shall conduct, under the direction of the Board of Directors, the current business of the Bank.

Article 31

Vice-President(s)

1. One or more Vice-Presidents shall be appointed by the Board of Directors on the recommendation of the President. A Vice-President shall hold office for such term, exercise such authority and perform such functions in the administration of the Bank, as may be determined by the Board of Directors. In the absence or incapacity of the President, a Vice-President shall exercise the authority and perform the functions of the President.

2. A Vice-President may participate in meetings of the Board of Directors but shall have no vote at such meetings, except that he or she may cast the deciding vote when acting in place of the President.

Article 32

International character of the Bank

1. The Bank shall not accept Special Funds or other loans or assistance that may in any way prejudice, deflect or otherwise alter its purpose or functions.

2. Bankinn, bankastjóri, aðstoðarbankastjóri eða aðstoðarbankastjórar, yfirmenn og aðrir starfsmenn skulu aðeins taka ákvarðanir sínar með sjónarmið í huga sem lúta að markmiðum bankans, hlutverki hans og rekstri, svo sem kveðið er á um í samningi þessum. Þau sjónarmið skulu metin á óhlutdrægan hátt í þeim tilgangi að ná markmiðum bankans og gegna hlutverki hans.

3. Við störf bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, yfirmanna og annarra starfsmanna lúta skyldur þeirra einvörðungu að bankanum, er einn hefur yfir þeim að segja. Allir eignaraðilar að bankanum skulu virða hið alþjóðlega eðli starfsskyldna þeirra, og í engu reyna að hafa áhrif á nokkurt þeirra við störf sín.

33. gr.

Aðsetur

1. Höfuðstöðvar bankans skulu vera í Lundunum.

2. Bankinn getur sett á fót umboðsskrifstofur eða útibú á landsvæði hvers eignaraðila.

34. gr.

Geymslustofnanir og boðleiðir

1. Hver eignaraðili skal tilnefna seðlabanka sinn eða þá stofnun aðra sem samkomulag kann að verða um við bankann, til að varðveita allt fé bankans í mynt eignaraðilans, svo og aðrar eignir bankans.

2. Hver eignaraðili skal tilnefna viðeigandi opinbera stofnun sem bankinn getur leitað til vegna hvers þess máls sem upp kann að koma varðandi samning þennan.

35. gr.

Birting á skýrslum og veiting upplýsinga

1. Bankinn skal birta ársskýrslu með endurskoðuðum ársreikningum, og senda eignaraðilum eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti greinargerð um fjárhagsstöðu sína ásamt rekstursreikningi fyrir starfsemi bankans. Reikningar skulu færðir í ECU.

2. Bankinn skal árlega skýra frá umhverfisáhrifum sem af störfum hans leiðir, svo og birta þær skýrslur aðrar sem hann telur æskilegt að birta til framdráttar markmiðum sínum.

3. Dreifa skal til eignaraðila eintökum af öllum skýrslum, greinargerðum og birtu efni samkvæmt þessari grein.

e) styrkir eru veittir til dvalar í öðru aðildarríki við háskólanám allt frá þremur mánuðum til eins skólaárs eða til lengri tíma en 12 mánaða sé um mjög samþætt nám að ræða. Að öllu jöfnu verða styrkir ekki veittir til náms á fyrsta ári í háskóla;

f) allir styrkir eða lán sem nemendur fá í heimalandi sínu verða greidd óskert áfram á meðan þeir eru við nám í gistiháskólanum sem ERASMUS-styrkur þeirra gildir fyrir.

ÞRÍÐJA AÐGERÐ**Ráðstafanir til að stuðla að tilflutningi með viðurkenningu háskóla á prófskírteinum og námstíma**

Bandalagið tekur að sér í samvinnu við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum að framkvæma eftirfarandi aðgerðir til að stuðla að tilflutningi, með viðurkenningu háskóla á prófgráðum og námstíma í öðrum aðildarríkjum:

1) gera ráðstafanir til að efla kerfi námseiningamats Evrópubandalagsins (ECTS) í tilraunaskyni og með frjálsri þátttöku til að gefa nemendum sem eru í eða hafa lokið æðra námi og þjálfun kost á að fá það viðurkennt af háskólum annars aðildarríkis. Takmarkaður fjöldi styrkja að fjárhæð allt að 20.000 ECU á ári verða veittir háskólum sem taka þátt í þessum undirbúningi;

¹) Ákvörðun 87/326/EEC, sbr. ákvörðun 89/663/EEC.

2) gera ráðstafanir til að stuðla að upplýsingastreymi innan bandalagsins um viðurkenningu háskóla á prófgráðum og námstíma í öðru aðildarríki, einkum með því að efla í ríkjunum net upplýsingamiðstöðva Evrópubandalagsins um viðurkenningu háskólanáms; á hverju ári verða veittir styrkir að fjárhæð allt að 20.000 ECU til upplýsingamiðstöðva til að auðvelda þeim að geta skipst á upplýsingum, einkum með tölvum.

FJÓRÐA AÐGERÐ

Viðbótaraðgerðir til að efla nemendaskipti innan bandalagsins

1. Viðbótaraðgerðum er ætlað að fjármagna:
 - stuðning við samtök og félög háskóla, kennara, stjórnendur eða nemendur innan Evrópu, einkum með tilliti til þess að kynna betur frumkvæði á sérstökum sviðum þjálfunar innan bandalagsins;
 - útgáfu rita sem ætlað er að kynna fólki hvaða kostir bjóðast við nám og kennslu í öðrum aðildarríkjum eða til að draga athygli að mikilvægum breytingum og nýjungum í samstarfi háskóla innan bandalagsins;
 - annað frumkvæði sem ætlað er að stuðla að samvinnu á milli háskóla á sviði námsþjálfunar innan bandalagsins;
 - aðgerðir sem auðvelda dreifingu upplýsinga um ERASMUS-áætlunina;
 - ERASMUS-verðlaun Evrópubandalagsins til þeirra nemenda, starfsmanna, háskóla eða ERASMUS-verkefna sem hafa skarað fram úr og stuðlað að aukinni samvinnu háskóla innan bandalagsins.
2. Kostnaður vegna 4. aðgerðar skal ekki vera umfram 5 af hundraði árlegrar fjárveitingar til ERASMUS-áætlunarinnar.

Viðauki II

FJÁRMÖGNUNARREGLUR

1. gr.

Gildandi fjárhagsreglugerð um heildarfjárlög Evrópubandalaganna skal gilda einkum um stjórnun fjárveitinga.

2. gr.

Í upphafi hvers árs, eða hvenær sem ERASMUS-áætlunin er endurskoðuð þannig að valdi hækkun þeirrar upphæðar sem gert er ráð fyrir í fjárlögum Evrópubandalaganna til að framkvæma hana, skal framkvæmdastjórnin senda Íslandi fjárkröfu sem samsvarar framlagi þess til kostnaðar samkvæmt samningnum.

Framlag þetta skal skrá í Evrópugjaldmiðli, ECU, og skal greiðast inn á ECU bankareikning framkvæmdastjórnarinnar.

Ísland skal greiða framlag sitt til árlegs kostnaðar samkvæmt samningnum í samræmi við fjárkröfuna og í síðasta lagi einum mánuði eftir að hún hefur verið send. Sérhver dráttur á greiðslu framlagsins skal tilefni til greiðslu vaxta af hálfu Íslands af útistandandi upphæð frá gjalddaga. Vextir þessir eru þeir sömu fyrir gjalddagamánuðinn og (FECOM) (EFNC) leggur á fyrir starfsemi sína í Evrópugjaldmiðli, (ECU), ⁽¹⁾ að viðbættu 1,5 prósentustigi.

⁽¹⁾ Vextir sem auglýstir eru mánaðarlega í Stjórnartíðindum EB – C ritröð.

Fylgiskjal 2.**ORÐSENDINGASKIPTI**

við undirritun samnings milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands til að koma á samstarfi á sviði menntunar og þjálfunar innan ramma ERASMUS-áætlunarinnar

a. Orðsending ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands til ráðs Evrópubandalaganna

Brussel, 9.10.1991

Ég staðfesti hér með fyrir hönd lýðveldisins Íslands skilning okkar á því að heildarupphæðin sem Íslandi er veitt samkvæmt 2. aðgerð ERASMUS-áætlunarinnar verður ekki að sinni hærri en lágmark það sem getið er um í 2. tl. 2. aðgerðar, sbr. viðauka I við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands til að koma á samstarfi á sviði menntunar og þjálfunar innan ramma ERASMUS-áætlunarinnar. Það er hins vegar ljóst að þessi ákvörðun kann að verða endurskoðuð af sameiginlegu nefndinni sem getið er um í samningnum.

Ég votta yður virðingu mína.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands
Hannes Hafstein

b. Svarorðsending ráðs Evrópubandalaganna

Brussel, 9.10.1991

Við staðfestum hér með fyrir hönd bandalagsins bréf yðar dags. í dag þar sem fram kemur eftirfarandi:

[Sjá orðsendingu hér á undan.]

Við staðfestum hér með fyrir hönd bandalagsins að þetta kemur heim og saman við skilning okkar á því hvernig samningurinn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands til að koma á samstarfi á sviði menntunar og þjálfunar innan ramma ERASMUS-áætlunarinnar skuli framkvæmdur.

Við vottum yður virðingu okkar.

Fyrir hönd ráðs Evrópubandalaganna
Horst Krenzler
P. C. Nieman

EXCHANGE OF LETTERS

to be signed on the occasion of the signature of the Agreement between the Republic of Iceland and the European Economic Community establishing Cooperation in the Field of Education and Training within the Framework of the ERASMUS Programme

a. Note from the Government of the Republic of Iceland to the Council of the European Communities

Brussels, 09.X.1991

Sirs,

I hereby confirm on behalf of the Republic of Iceland our understanding that the total amount allocated to Iceland under Action 2 of the ERASMUS Programme will, for the time being, not exceed the minimum referred to in paragraph 2 of Action 2 in Annex I to the Agreement between the European Economic Community and the Republic of Iceland establishing cooperation in the field of education and training within the framework of the ERASMUS Programme. It is understood, however, that this situation shall be subject to review by the Joint Committee provided for in the Agreement.

Please accept, Sirs, the assurance of my highest consideration.

For the Government of the Republic of Iceland
Hannes Hafstein

b. Reply Note from the Council of the European Communities

Brussels, 09.X.1991

Sir,

We hereby acknowledge on behalf of the Community your letter of 9th October 1991 which reads as follows:

[See Note above.]

I confirm on behalf of the Community that this corresponds to our understanding of how the Agreement between the European Economic Community and the Republic of Iceland establishing cooperation in the field of education and training within the framework of the ERASMUS Programme should be implemented.

Please accept, Sir, the assurance of our highest consideration.

For the Council of the European Communities
Horst Krenzler
P. C. Nieman

AUGLÝSING

um samstarfssamning við Efnahagsbandalag Evrópu um starfsáætlun til að örva alþjóðasamstarf og nauðsynleg samskipti evrópskra vísindamanna í rannsóknum (SCIENCE).

Hinn 28. október 1991 var Efnahagsbandalagi Evrópu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samstarfssamningi milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um starfsáætlun til að örva alþjóðasamstarf og nauðsynleg samskipti evrópskra vísindamanna í rannsóknum (SCIENCE) sem undirritaður var í Brussel 18. júlí 1991. Samningurinn öðlaðist gildi 28. október 1991.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 14. nóvember 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Porsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMSTARFSSAMNINGUR milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um Starfsáætlun til að örva alþjóðasamstarf og nauðsynleg samskipti evrópskra vísindamanna í rannsóknum (SCIENCE)

LÝÐVELDID ÍSLAND, hér á eftir nefnt „Ísland“,

og

EFNAHAGSBANDALAG EVRÓPU, hér á eftir nefnt „bandalagið“, sem hér á eftir eru nefnd „samningsaðilar“,

PAR SEM ráð Evrópubandalaganna, hér á eftir nefnt „ráðið“, samþykkti með ákvörðun 29. júní 1988 starfsáætlun til að örva alþjóðasamstarf og nauðsynleg samskipti evrópskra vísindamanna í rannsóknum 1988 til 1992 – (SCIENCE), hér eftir nefnd „vísindaáætlunin“;

PAR SEM samningsaðilar gerðu með sér rammasamning um samvinnu á sviði vísinda og tækni er gekk í gildi 6. júní 1990;

PAR SEM aðild Íslands að vísindaáætluninni getur stuðlað að því að efla hugsanlega gagnsemi vísinda og tækni í Evrópu;

PAR SEM samningsaðilar gera ráð fyrir gagnkvæmum hag af aðild Íslands að vísindaáætluninni;

HAFA KOMIÐ SÉR SAMAN UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ísland tengist hér með framkvæmd vísindaáætlunarinnar frá 1. janúar 1990. Yfirlit yfir vísindaáætlunina og markmið hennar er að finna í viðauka A.

2. gr.

Fjárframlag Íslands sem leiðir af þátttöku þess í framkvæmd vísindaáætlunarinnar skal ákveðið í hlutfalli við þá upphæð sem á ári hverju er færð á heildarfjárlög Evrópubandalaganna til fjárveitinga fyrir skuldbindingar sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, hér á eftir nefnd „framkvæmdastjórnin“,

hefur tekist á herðar og stafa af starfi sem unnið er innan ramma þeirra rannsóknasamninga sem nauðsynlegir eru til að hrinda vísindaáætluninni í framkvæmd og af rekstrarkostnaði vegna stjórnunar og umsýslu vegna hennar.

Hlutfallsstuðullinn sem ræður framlagi Íslands skal ákveðinn af hlutfallinu milli vergrar landsframleiðslu Íslands á markaðsverðlagi og samanlagðri vergri landsframleiðslu aðildarríkja bandalagsins og Íslands á markaðsverðlagi. Þetta hlutfall verður reiknað út á grundvelli nýjustu tiltækra hagtalna hjá Efnahagssamvinnu- og framfarastofnuninni (OECD).

Það fjármagn sem áætlað er að þurfi til að framkvæma vísindaáætlunina, upphæðina sem Ísland leggur fram og tímaáætlun um áætlaðar skuldbindingar er að finna í viðauka B.

Reglur um fjárframlag Íslands til framkvæmdar vísindaáætlunarinnar er að finna í viðauka C.

3. gr.

Sömu skilmálar og skilyrði fyrir umsóknum og mati á tillögum og sömu skilmálar og skilyrði fyrir því að samþykkja og gera samninga samkvæmt vísindaáætluninni skulu gilda um íslenskar rannsókn- og þróunarstofnanir og einstaklinga eins og gilda um rannsókn- og þróunarstofnanir og einstaklinga innan bandalagsins.

Samningar sem framkvæmdastjórnin gerir skulu tilgreina réttindi og skyldur íslenskra rannsókn- og þróunarstofnana og einstaklinga, og einkum og sér í lagi hvernig standa skuli að miðlun, vernd og hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna.

4. gr.

Við framkvæmd vísindaáætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar Vísinda- og tæknipróunarnefndar Evrópu (CODEST) sem sett var á laggirnar með ákvörðun framkvæmdastjórnar nr. 82/835/EEC (1), svo og aðstoðar ráðgjafa.

Framkvæmdastjórnin skal skipa fulltrúa Íslands í CODEST af lista sem íslensk stjórnvöld láta henni í té. Hann skal taka þátt í að móta drög að áætlunum um að örva alþjóðasamstarf og nauðsynleg samskipti evrópskra vísindamanna í rannsóknnum og í að athuga umsóknir sem lagðar eru inn í samræmi við vísindaáætlunina.

5. gr.

Að 30 mánuðum liðnum frá því framkvæmd vísindaáætlunarinnar hófst skal framkvæmdastjórnin skila skýrslu til ráðsins og Evrópuþingsins á grundvelli mats á þeim árangri sem þá hefur náðst. Skýrslunni skulu fylgja tillögur um breytingar sem kunna að reynast nauðsynlegar í ljósi þessa árangurs. Afrit af skýrslu þessari skal sent Íslandi, sem þar að auki skal fá vitneskju um allar tillögur að breytingum sem kunna að koma fram.

6. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að greiða fyrir flutningi og búsetu þeirra starfsmanna sem taka þátt í aðgerðum sem samningur þessi nær til á Íslandi og innan bandalagsins í samræmi við viðeigandi reglur og reglugerðir hvors aðila um sig.

7. gr.

Framkvæmdastjórnin og menntamálaráðuneyti Íslands skulu tryggja framkvæmd þessa samnings.

8. gr.

Samningur þessi skal gilda annars vegar á þeim svæðum þar sem stofnsamningur Efnahagsbandalags Evrópu er í gildi og samkvæmt þeim skilmálum sem þar er kveðið á um og hins vegar á landsvæði lýðveldisins Íslands.

9. gr.

1. Samningur þessi gildir þar til vísindaáætluninni er lokið.

Ef bandalagið endurskoðar vísindaáætlunina má segja samningnum upp samkvæmt skilyrðum sem gagnkvæmt samkomulag er um. Íslandi skal tilkynnt um alla efnisþætti hinnar endurskoðuðu áætlunar í

1) OJ nr. L 350 frá 10.12.1982, bls. 45.

einstökum atriðum innan einnar viku frá samþykkt hennar af hálfu bandalagsins. Samningsaðilar skulu hvor tilkynna hinum innan þriggja mánaða frá samþykki ákvörðunar bandalagsins ef uppsögn samningsins er fyrirsjáanleg.

2. Þegar bandalagið samþykkir nýja rannsókn- og þróunaráætlun á sviði vísindaáætluninnar, má semja um samninginn að nýju eða endurnýja samkvæmt skilyrðum sem gagnkvæmt samkomulag er um.

3. Hvor samningsaðili um sig getur sagt samningnum upp hvenær sem er með sex mánaða fyrirvara, sbr. þó 1. tl. Verkefnum þeim og starfi sem unnið er að þegar uppsögn samningsins tekur gildi og/eða hann rennur út skal haldið áfram þar til þeim er lokið, með þeim skilmálum sem kveðið er á um í samningi þessum.

10. gr.

Viðaukar A, B og C við samning þennan skulu vera óaðskiljanlegur hluti hans.

11. gr.

Samningur þessi skal samþykktur af samningsaðilum í samræmi við gildandi reglur hjá hvorum aðila.

Hann öðlast gildi á þeim degi þegar samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum að nauðsynlegum formsatriðum í þessu skyni hafi verið framfylgt.

12. gr.

Samningur þessi skal gerður í tvíriti á íslensku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku og skulu allir textarnir jafngildir.

Gjört í Brussel, hinn átjanda dag júlímánaðar nítján hundruð níutíu og eitt.

Fyrir hönd
Lýðveldisins Íslands

Hannes Hafstein

Fyrir hönd
ráðs Evrópubandalaganna

P.C. Nieman
Filipo M. Pandolfi

VIÐAUKI A.

MARKMIÐ OG YFIRLIT YFIR VÍSINDAÁÆTLUNINA (1988 TIL 1992)

1. Vísindaáætlunin felst í fjölda aðgerða sem valdar hafa verið vegna vísindalegra og tæknilegra kosta þeirra og hafa að markmiði að koma á samstarfs- og samskiptaneti á sviði vísinda og tækni innan Evrópu sem smám saman mun verða aukið. Heildarmarkmiðið er að efla áhrifamátt vísinda- og tæknirannsókna í öllum aðildarríkjunum og stuðla þannig að því að draga úr mun á sviði vísinda og tækni milli einstakra aðildarríkja Evrópubandalagsins. Hún nær til allra greina vísinda og tækni (nákvæmnivísinda og náttúruvísinda).

Vísindaáætlunin stefnir þannig að því að efla vísindaleg og tæknileg heildargæði rannsókna og þróunar í öllum aðildarríkjum bandalagsins, en einstök markmið hennar eru að:

- stuðla að þjálfun með hjálp rannsókna og, með samvinnu, að betri nýtingu fremstu vísindamanna í rannsóknum innan bandalagsins,
- auðvelda vísindamönnum í rannsóknastörfum í aðildarríkjum bandalagsins að flytjast milli staða,
- þróa og styðja vísinda- og tæknisamvinnu innan Evrópu um úrvalsverkefni,
- stuðla að stofnun tengslaneta um samvinnu og gagnkvæm samskipti milli Evrópulanda með það fyrir augum að styrkja almenna samkeppnishæfni bandalagsins á sviði vísinda og tækni og efla þannig efnahagslega og félagslega einingu þess.

2. Markmiðunum sem lýst er hér að ofan verður náð með stuðningsaðgerðum í þágu vísindamanna í rannsóknastörfum, samstarfshópa rannsókna- og þróunarstofnana til þess að tryggja samstillta vísinda- og tæknipróun bandalagsins. Aðgerðirnar verða með eftirfarandi sniði:

— *Rannsóknastyrkir til vísindamanna*

Vísindamönnum verður veittur fjárhagsstuðningur til að gera þeim kleift að öðlast viðbótarþjálfun með því að taka þátt í *rannsóknaverkefni* á rannsóknarstofu í öðru bandalagsríki en þeirra eigin í að minnsta kosti eitt ár og í mesta lagi tvö ár.

— *Styrkir til rannsóknastofnana*

Þessir styrkir eru til að greiða kostnað viðkomandi rannsóknarstofa við flutning eða tímabundin vistaskipti vísindamanna í rannsóknastörfum frá einu bandalagsríki til annars, annaðhvort til að gefa vísindamanni kost á að starfa með samstarfshópi í öðru landi en hans eigin eða gera einstaklingi með háskólapróf í raunvísindagrein kleift að sérhæfa sig áður en hann ræðst til rannsóknarstofu hjá háskóla eða fyrirtæki.

Styrkurinn getur verið í mismunandi formi eftir því um hvers konar vísindamaður er að ræða og hver tilgangur rannsóknarfjárveitingarinnar er:

- fjármunir til að gera vísindamanni unnt að dvelja skamman tíma (frá 15 dögum upp í 2 mánuði) í öðru landi innan bandalagsins til þess að framkvæma tilteknar tilraunir við sérstakar vísinda- eða tæknistofnanir sem ekki eru fyrir hendi í eigin landi;
- fjármunir til að greiða kostnað í sambandi við tilflutninga (ferðir, upphald, tryggingar, búferlaflutninga, o.s. frv.), rannsóknastörf og hugsanlega laun þess vísindamanns sem færður er til eða tekinn með í samstarfshóp um rannsóknir í öðru landi (í bandalaginu) en hans eigin í að minnsta kosti hálfu ári og í mesta lagi þrjú ár;
- fjármunir til að greiða kostnað í sambandi við flutning og rannsóknastörf vísindamanns sem ráðinn er til fyrirtækis eða stofnunar og fer til langtímaþjálfunar (frá einu upp í þrjú ár) hjá rannsóknarstofu á vegum hins opinbera í öðru landi (innan bandalagsins);
- styrkir til æðra þjálfunarnáms: fjárhagsstuðningur sem veittur er aðilum sem bjóða sérhæfð námskeið í aðildarríki fyrir hámenntaða sérfræðinga þannig að unnt sé að taka á móti vísindamönnum frá öðrum aðildarríkjum bandalagsins og veita þeim viðbótarþjálfun eða gera þeim kleift að endurþjálfa sig fyrir önnur verkefni.

— *Samtvinnun rannsóknarstofa í ýmsum löndum*

Slíkt gerir vísindamönnum sem starfa einangraðir á sérhæfðu sviði í nokkrum bandalagslöndum kleift að sameina afrakstur rannsókna sinna án þess að starfa á einni og sömu rannsóknarstofunni, og örva á þann hátt myndun samstarfshópa í rannsóknum sem eru stærri en hópar af nauðsynlegri „lágmarksstærð“. Fjármagn er veitt til að gera vísindamönnum kleift að hittast, gera sameiginlegar tilraunir, skiptast á niðurstöðum, bæta við tækjabúnað sinn eða til að styrkja samstarfshópa sína með því að fá aðra vísindamenn til liðs við þá um stundarsakir, helst frá öðru landi.

— *Samþætting margra fræðigreina í fjölbjóðlegum verkefnum*

Með þeim fjármunum sem verða til reiðu myndu slík verkefni gera tengdum samstarfshópum um rannsóknir kleift að afla sér nægilegrar aðstöðu (þar á meðal tækjabúnaðar) og gera þeim kleift að ná saman færustu sérfræðingum sem völ er á í ýmsum löndum og vísindagreinum, í því skyni að ná fyrirfram settum markmiðum eða til að takast sameiginlega á hendur fyrirfram ákveðið vísindaverkefni innan ramma „samstarfsnets“ á sviði vísinda og tækni.

Áætluninni til viðbótar verða þar að auki gerðar örvandi ráðstafanir innan atvinnugreina: rannsóknastyrkir til vísindamanna, rannsóknastyrkir til stofnana og fjárstuðningur sem verður fjármagnaður innan ramma allra rannsókn- og þróunaráætlana bandalagsins í kjölfar samninga viðeigandi stjórnunar- og samhæfingarnefnda (CGC).

3. Aðgerðir til að örva gagnkvæma samvinnu og samstarf ná til allra sviða sem varða raun- og náttúruvísindi, svo sem:

- stærðfræði
- eðlisfræði
- efnifræði
- lífvísindi
- jarðvísindi og hafvísindi
- vísinda- og rannsóknatækni
- verkfræðigreinar.

4. Á þeim sviðum sem njóta munu stuðnings verða fjölþjóðleg verkefni sem njóta stuðnings frá bandalaginu valin fyrst og fremst eftir gæðum, eftir því hve efni þeirra samþættir vísindagreinar í ríkum mæli, eftir nýbreytni þeirra og hvaða gildi þau hafa í því að brjóta niður múra milli mismunandi forma í rannsóknum og þróun alls staðar innan bandalagsins. Þegar vísindaleg og tæknileg gæði eru sambærileg verður sérstakri athygli beint að verkefnum sem líkleg eru til að draga úr þeim mun sem er í þróun vísinda og tækni milli aðildarríkja og stuðla þannig að efnahagslegri og félagslegri einingu innan Evrópubandalagsins.
5. Framkvæmdastjórnin ákveður val á hvetjandi aðgerðum og hlutaðeigandi samstarfshópum en hún mun nota sér matskerfi jafningja með aðstoð Vísinda- og tækniþróunarnefndar Evrópu (CODEST). Framkvæmdastjórnin mun sjá til þess að samkvæmni sé milli örvunaraðgerða og ráðgerðrar rannsókn- og þróunarstarfsemi bandalagsins.
6. Jafnhliða þessu tekur framkvæmdastjórnin að sér að gangast fyrir samráðsfundum, könnunum og námsstefnum í samvinnu við þá sem starfa á sviði vísinda og tækni í bandalaginu í því skyni að greina og leggja mat á þarfir og tækifæri innan vísinda og tækni með það fyrir augum að bæta einstökum atriðum við efni vísindaáætlunarinnar.
Framkvæmdastjórnin mun hafa náðið samstarf við stjórnvöld einstakra ríkja til að tryggja samræmi milli þessara aðgerða og stefnu ríkjanna í örvun rannsókna.
7. Framkvæmdastjórnin getur kallað til sérfræðiaðstoð úr röðum utan eigin starfslíðs í þeim tilgangi að meta vísindaleg og/eða tæknileg gæði umsókna um aðstoð, svo og til að greina tækifæri og þarfir fyrir vísindastarfsemi og tækni eða til að meta verkefni sem búið er að fjármagna eða starfsemina sjálfa.

VIÐAUKI B.

FJÁRHAGSÁKVÆÐI

1. gr.

Það fjárframlag sem áætlað er að sé nauðsynlegt til að framkvæma vísindaáætlunina nemur 167.000.000 í Evrópugjaldmiðli (ECU).

2. gr.

Framlag Íslands til framkvæmdar vísindaáætlunarinnar er áætlað 108.000 í Evrópugjaldmiðli (ECU).

3. gr.

Tímaáætlun um áætlaðar fjárskuldbindingar og framlag Íslands er að finna í eftirfarandi töflu.

TÍMAÁÆTLUN UM FJÁRSKULDBINDINGAR SEM TALDAR ERU
NAUÐSYNLEGAR TIL AÐ HRINDA VÍSINDAÁÆTLUNinni
Í FRAMKVÆMD (SKULDBUNÐNAR FJÁRVEITINGAR)
OG UM FRAMLAG ÍSLANDS Í EVRÓPUGJALDMIÐLI (ECU)

Ár	SKULDBINDINGAR VEGNA			FRAMLAG ÍSLANDS		
	Stjórnunar- og umsýslu- kostnaður	Samninga	Samtals	Stjórnunar- og umsýslu- kostnaður	Samningar	Samtals
1988	220.000	28.780.000	29.000.000	–	–	–
1989	1.930.000	28.070.000	30.000.000	–	–	–
1990	2.120.000	32.880.000	35.000.000	2.120	32.880	35.000
1991	2.250.000	32.750.000	35.000.000	2.250	32.750	35.000
1992	2.380.000	35.620.000	38.000.000	2.380	35.620	38.000
Samtals	8.900.000	158.100.000	167.000.000	6.750	101.250	108.000

VIÐAUKI C.

FJÁRMÖGUNARREGLUR

1. gr.

Ákvæði þessi kveða á um þær fjármögnunarreglur fyrir Ísland sem getið er um í 2. gr. samningsins.

2. gr.

Í upphafi hvers árs, eða hvenær sem vísindaáætlunin er endurskoðuð þannig að valdi hækkun þeirrar upphæðar sem áætlað er að þurfi til að framkvæma hana, skal framkvæmdastjórnin senda Íslandi fjárkröfu sem samsvarar framlagi þess til kostnaðar samkvæmt samningnum.

Framlag þetta skal skráð bæði í Evrópugjaldmiðli (ECU) og í íslenskum krónum, og er samsetning ECU-miðilsins skilgreind í reglugerð ráðsins nr. 3180/78 ⁽²⁾. Verðgildi ECU-framlagsins í íslenskum gjaldmiðli skal ákveðið á útgáfudegi fjárkröfunnar.

Ísland skal greiða framlag sitt til árlegs kostnaðar samkvæmt samningnum í upphafi hvers árs og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að fjárkröfan hefur verið send. Sérhver dráttur á greiðslu framlagsins skal tilefni til greiðslu vaxta af hálfu Íslands sem eru jafnháir hæstu forvöxtum sem gilda í aðildarríkjum bandalagsins á gjalddaga. Vextirnir skulu hækka um 0,25 úr prósentustigi fyrir hvern mánuð sem greiðslan dregst.

Hækkuðu vextirnir skulu eiga við um allan tímann sem dráttur verður á greiðslu. Þó skal aðeins greiða þessa vexti ef framlagið er greitt meir en þremur mánuðum eftir að framkvæmdastjórnin hefur gefið fjárkröfuna út.

3. gr.

Fjármunir sem Ísland greiðir skulu færðir til tekna vísindaáætlunarinnar sem inngreitt fé og fært undir viðeigandi lið í tekjuyfirliti heildarfjárlaga Evrópubandalaganna.

4. gr.

Gildandi fjárhagsreglugerð um heildarfjárlög Evrópubandalaganna skal eiga við um stjórnun fjárveitinga.

5. gr.

Ferða- og dvalarkostnaður íslenska fulltrúans í CODEST sem stafar af þátttöku hans í fundum þessarar nefndar skal endurgreiddur af framkvæmdastjórninni í samræmi við þær starfsreglur sem í gildi eru hverju sinni um fulltrúa aðildarríkja bandalagsins.

6. gr.

Í lok hvers árs skal gert yfirlit yfir fjárveitingar til vísindaáætlunarinnar og skal það sent Íslandi til upplýsinga.

AUGLÝSING

um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins.

Samkvæmt heimild í 41. gr. d. lið stofnskrár Evrópuráðsins frá 5. maí 1949 var við aðild Póllands að ráðinu gerð breyting á 26. gr. stofnskrárinnar varðandi fjölda fulltrúa á Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 74/1950. Var ákveðið að Pólland skyldi öðlast rétt á 12 þingfulltrúum. Breyting þessi tók gildi 26. nóvember 1991.

26. gr. stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. desember 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Forsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

Hið breytta orðalag 26. gr. hljóðar svo:	The amended text of Article 26 is worded as follows:
„Eftirtalin ríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa sem hér segir:	“Members shall be entitled to the number of Representatives given below:
Austurríki 6	Austria 6
Belgía 7	Belgium 7
Kýpur 3	Cyprus 3
Tékkóslóvakía 8	Czechoslovakia 8
Danmörk 5	Denmark 5
Finnland 5	Finland 5
Frakkland 18	France 18
Þýskaland 18	Germany 18
Grikkland 7	Greece 7
Ungverjaland 7	Hungary 7
Ísland 3	Iceland 3
Írland 4	Ireland 4
Ítalía 18	Italy 18
Liechtenstein 2	Liechtenstein 2
Lúxemborg 3	Luxembourg 3
Malta 3	Malta 3
Holland 7	Netherlands 7
Noregur 5	Norway 5
Pólland 7	Poland 7
Portúgal 7	Portugal 7
San Marino 2	San Marino 2
Spánn 12	Spain 12
Svíþjóð 6	Sweden 6
Swiss 6	Switzerland 6
Tyrkland 12	Turkey 12
Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður Írlands 18“	United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland 18”

AUGLÝSING

um viðskiptasamning við Rússland.

Í dag var undirritaður í Reykjavík viðskiptasamningur milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldisins, ásamt bókun um viðskipti á árunum 1991-1992. Samningurinn og bókunin öðluðust gildi við undirskrift.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og bókunin sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. desember 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal 1.

VIÐSKIPTASAMNINGUR milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldisins

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldisins sem hér á eftir verða nefndar „samningsaðilarnir“,

sem hafa hug á að stuðla að þróun og eflingu viðskiptatengsla milli landanna tveggja á grundvelli jafnréttis og gagnkvæms hags,

viðurkenna mikilvægi langtímaráðstafana sem leggja traustan grunn að árangursríkri aukningu samstarfs milli landanna tveggja og

hafa í huga breytingar á skipulagi efnahagsmála í Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldinu sem skapa ný tækifæri og leiða til aukinna tengsla og samstarfs milli landanna tveggja á mismunandi stigum, m.a. gagnkvæmra tengsla milli fyrirtækja, stofnana og félaga,

hafa ákveðið eftirfarandi:

1. gr.

Markmið samningsaðilanna er að tryggja þróun viðskipta milli landanna tveggja sem sé snurðulaus, víðtæk og eins umfangsmikil og unnt er.

2. gr.

Til að tryggja báðum samningsaðilum hagkvæm skilyrði fyrir þróun í sölu vara milli landanna tveggja skulu þeir veita hvor öðrum bestu kjör að því er varðar tolla og gjöld, hverju nafni sem nefnast, aðferð við álagningu slíkra tolla og gjalda og önnur formsatriði, reglur og framkvæmdaratriði varðandi útlutning, innflutning, gegnumflutning og geymslu vara, svo og útgáfu innflutnings- og útlutningsleyfa.

3. gr.

Ákvæði 2. gr. samnings þessa skulu þó ekki gilda um hagsbætur vegna þátttöku í tollabandalagi, fríverslunarsvæði eða öðrum tegundum svæðisbundins efnahagssamstarfs sem annar hvor samningsaðilanna er eða kann að verða aðili að.

4. gr.

Innflutningur og útlutningur vara milli landanna tveggja skal fara fram í samræmi við ákvæði samnings þessa á grundvelli samninga sem gerðir eru milli íslenskra og rússneskra einstaklinga og lögaðila sem hafa fulla heimild til slíks.

Þar til bær íslensk og rússnesk stjórnvöld skulu veita nauðsynlega aðstoð til að auðvelda gerð og framkvæmd samninga, m.a. langtímasamninga um afhendingu vara í samræmi við samning þennan. Þau skulu leitast við að auka viðskiptin enn frekar og jafnframt hafa jafnvægi í þeim eftir því sem unnt er.

Ef samningsaðilarnir ná samkomulagi um það sín á milli geta viðskiptin milli landanna tveggja einnig farið fram á grundvelli bókana sem listar yfir vörur og þjónustu eru viðaukar við. Listar þessir skulu ekki vera til takmörkunar.

5. gr.

Greiðslur vegna viðskipta milli landanna tveggja og aðrar hugsanlegar greiðslur vegna þróunar efnahagstengsla milli landanna tveggja skulu fara fram í frjálsum skiptanlegum gjaldeyri í samræmi við gildandi löggjöf í hvoru landinu um sig.

Ef þörf krefur geta samningsaðilarnir átt viðræður um og staðið að gerð greiðslusamnings í þessu skyni.

6. gr.

Í samræmi við lög og reglur hvors landsins um sig skulu þar til bær stjórnvöld landanna beggja, þegar þar að kemur, gefa út nauðsynleg útflutnings- og innflutningsleyfi fyrir vörurnar sem samningar hafa verið gerðir um innan ramma samnings þessa.

7. gr.

Báðir samningsaðilarnir munu auðvelda stofnun sameiginlegra íslensk-rússneskra fyrirtækja og gerð vöruskiptasamninga, m.a. með samstarfi á milli svæða, til að tryggja virk, fjölbreytileg og jöfn viðskipti.

8. gr.

Til að efla viðskipti milli landanna tveggja skulu samningsaðilarnir auðvelda hvor öðrum þátttöku í vörusýningum og kaupstefnum sem haldnar eru í öðru hvoru landinu.

Í samræmi við þá löggjöf, sem máli skiptir, skulu hlutir vegna vörusýninga og kaupstefna, svo og sýnishorn vara, vera undanþegin tollum, sköttum og öðrum slíkum gjöldum.

9. gr.

Fulltrúar samningsaðilanna skulu halda fundi á þeim stað og stund, sem um semst milli þeirra, helst einu sinni á ári, til að kanna hversu miði í því að ná markmiðum samnings þessa og, ef þörf krefur, til að gera tillögur til ríkisstjórna landanna um lausn deilumála, ef einhver eru, og um frekari þróun viðskiptanna.

10. gr.

Ákvæðum samnings þessa skal beitt áfram, eftir að hann fellur úr gildi, um alla samninga sem gerðir hafa verið en hafa ekki verið framkvæmdir til fulls fyrir lok gildistíma samningsins.

11. gr.

Samningur þessi skal ganga í gildi á undirritunardegi. Skal hann gilda þangað til annar hvor samningsaðilinn segir honum upp með sex mánaða fyrirvara í skriflegri tilkynningu til hins aðilans.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem hafa til þess fullt umboð frá ríkisstjórnnum sínum, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík 4. desember 1991 á íslensku og rússnesku og skulu báðir textar jafngildir og bindandi fyrir báða samningsaðilana.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands

Jón Baldvin Hannibalsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Rússneska sósíalíska
ráðstjórnarsambandslýðveldisins

Valeriy A. Mangazeev

Fylgiskjal 2.**BÓKUN****um viðskipti milli lýðveldisins Íslands og Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldisins á árunum 1991–1992**

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldisins sem hér á eftir verða nefndir samningsaðilarnir, sem hafa hug á frekari þróun viðskipta milli landanna tveggja og hafa í huga ákvæði viðskiptasamningsins milli samningsaðilanna frá 4. desember 1991, hafa ákveðið eftirfarandi:

1. gr.

Vörurnar og þjónustuna í listum A og B, sem eru viðauki við bókun þessa, skal telja grundvöll útflutnings frá Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldinu til lýðveldisins Íslands og frá lýðveldinu Íslandi til Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldisins, hvors um sig, á tímabilinu frá gildistöku bókunar þessarar til 31. desember 1992.

2. gr.

Listar A og B, sem vísað er til í 1. gr. bókunar þessarar, skulu ekki vera til takmörkunar. Einstaklingar og lögaðilar samningsaðilanna, sem hafa fulla heimild til slíks, geta einnig gert samninga um afhendingu vara og veitingu þjónustu sem er ekki tilgreind í listum þessum eða fer fram úr því magni eða verðmæti sem þar er tilgreint.

3. gr.

Í samningum samkvæmt 2. gr. hér að framan skal semja um sérstaka skilmála og skilyrði varðandi afhendingu vara og veitingu þjónustu samkvæmt bókun þessari.

Sala og afhending vara og veiting þjónustu samkvæmt bókun þessari skal vera á grundvelli verðs í frjálsum skiptanlegum gjaldeyri sem kaupendur og seljendur ná samkomulagi um í samningum.

4. gr.

Þar til bær stjórnvöld samningsaðilanna skulu, þegar þar að kemur, gefa út nauðsynleg útflutnings- og innflutningsleyfi fyrir vörurnar og þjónustuna sem tilgreind er í listum A og B. Þau skulu einnig veita nauðsynlega aðstoð til að auðvelda gerð og framkvæmd samninga á þeim tíma sem vísað er til í 1. gr. hér að framan.

5. gr.

Deilur, sem rísa vegna túlkunar eða framkvæmdar bókunar þessarar, skal leysa með samningaumleitunum.

6. gr.

Bókun þessi skal ganga í gildi á undirritunardegi og gilda til 31. desember 1992. Ákvæðum bókunar þessarar skal beitt um samninga sem gerðir hafa verið á gildistíma hennar en hafa ekki verið framkvæmdir að hluta til eða öllu leyti fyrir lok gildistíma bókunarinnar.

Gjört í Reykjavík 4. desember 1991 á íslensku og rússnesku og skulu báðir textar jafngildir og bindandi fyrir báða samningsaðilana.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands

Jón Baldvin Hannibalsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Rússneska sósíalíska
ráðstjórnarsambandslýðveldisins

Valeriy A. Mangazeev

LISTI A**yfir vörur og þjónustu frá Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldinu til lýðveldisins Íslands 1991-1992**

1. Gasolía um 200.000 tonn
2. Svartolía um 225.000 tonn
3. Niðursagað timbur um 35.000 m³
4. Ökutæki um 800 stk.
5. Ýmislegt (m.a. vörur úr járn málmum) um 10 milljónir Bandaríkjadala
6. Þjónusta Eftir samkomulagi milli viðkomandi aðila
7. Vörur, afhentar í vöruskiptum Eftir samkomulagi milli viðkomandi aðila

LISTI B**yfir vörur og þjónustu frá lýðveldisinu Íslandi til Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldisins 1991-1992**

1. Heilfrystur fiskur og fryst fiskflök um 25 milljónir Bandaríkjadala
2. Saltsíld um 30 milljónir Bandaríkjadala
3. Lagmeti um 10 milljónir Bandaríkjadala
4. Band og ullarvörur (m.a. vefnaður) um 12 milljónir Bandaríkjadala
5. Ýmislegt (m.a. vélar og tæki) 3-5 milljónir Bandaríkjadala
6. Þjónusta (m.a. tækniþekking og ráðgjöf) Eftir samkomulagi milli viðkomandi aðila
7. Vörur, afhentar í vöruskiptum Eftir samkomulagi milli viðkomandi aðila

AUGLÝSING**um tvísköttunarsamning við Bretland.**

Samningur milli Lýðveldisins Íslands og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og söluhagnaði af eignum, sem gerður var í Reykjavík 30. september 1991, öðlaðist gildi 19. desember 1991.

Jafnframt féll samkomulag frá 27. apríl 1928 um gagnkvæma undanþágu frá tekjuskatti af hagnaði af skipaútgerð úr gildi, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1930.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. desember 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Forsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar
Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands
til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot
frá skattlagningu á tekjur og söluhagnað af eignum.

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, sem óska að gera með sér samning til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og söluhagnað af eignum, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar sem samningurinn tekur til

Samningur þessi tekur til aðila sem eru heimilisfastir í öðru eða báðum aðildarríkjunum.

2. gr.

Skattar sem samningurinn tekur til

1. Þeir skattar sem samningur þessi tekur til eru:

a. á Íslandi:

- i. tekjuskattur til ríkisins;
- ii. tekjuútsvar til sveitarfélaga;
(hér eftir nefndir „íslenskur skattur“);

b. í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi:

- i. tekjuskatturinn;
- ii. félagaskatturinn;
- iii. skattur af söluhagnaði eigna;
(hér eftir nefndir „skattur Sameinaða konungsríkisins“).

2. Samningurinn skal einnig taka til allra þeirra skatta, sömu eða svipaðrar tegundar, sem lagðir verða á af öðru hvoru aðildarríkjana eftir undirskrift hans til viðbótar eða í staðinn fyrir þá skatta aðildarríkisins sem um ræðir í 1. tl. þessarar greinar. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu gefa hvort öðru upplýsingar um allar meiri háttar breytingar sem gerðar eru á skattalöggjöf ríkjanna.

3. gr.

Almennar skilgreiningar

1. Í samningi þessum merkja neðangreind hugtök eftirfarandi, nema annað leiði af samhenginu:

a. „Ísland“ merkir Lýðveldið Ísland þar með talið sérhvert það svæði sem liggur að landhelgi Íslands þar sem, samkvæmt íslenskum lögum og í samræmi við þjóðarétt, Ísland hefur fullveldisréttindi að því er varðar rannsóknir og hagnýtingu náttúruauðlinda hafsbotsins og botnlaga hans;

b. „Sameinaða konungsríkið“ merkir Stóra-Bretland og Norður-Írland þar með talið sérhvert það svæði utan landhelgi Sameinaða konungsríkisins sem í samræmi við þjóðarétt hefur verið eða gæti síðar verið skilgreint, samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins varðandi landgrunnið, sem svæði þar sem réttindum Sameinaða konungsríkisins verður beitt að því er varðar hafsbotninn og botnlög hans og náttúruauðlindir þeirra;

c. „ríkisborgari“ merkir:

- i. að því er Ísland varðar, sérhvern mann sem hefur íslenskt ríkisfang og sérhverja persónu að lögum, sameignarfélag, samtök eða stofnun sem byggir réttarstöðu sína sem slíka á gildandi lögum á Íslandi;
- ii. að því er Sameinaða konungsríkið varðar, sérhvern breskan ríkisborgara eða sérhvern breskan þegn sem ekki hefur ríkisborgararéttindi í neinu öðru samveldislandi eða yfirráða-svæði, þó að því tilskildu að hann hafi dvalarleyfi í Sameinaða konungsríkinu; og sérhverja persónu að lögum, sameignarfélag, samtök eða stofnun sem byggir réttarstöðu sína sem slíka á gildandi lögum í Sameinaða konungsríkinu;

d. „skattur“ merkir íslenskan skatt eða skatt Sameinaða konungsríkisins eftir því sem efnið gefur til kynna;

e. „aðildarríki“ og „hitt aðildarríkið“ merkja Ísland eða Sameinaða konungsríkið eftir því sem efnið gefur til kynna;

f. „aðili“ merkir mann, félag og sérhver önnur samtök aðila en felur ekki í sér sameignarfélög sem ekki eru talin persónur að lögum að því er skatta varðar í öðru hvoru aðildarríkjanna;

g. „félag“ merkir sérhverja persónu að lögum eða sérhverja aðra stofnun sem telst persóna að lögum að því er skatta varðar;

h. „fyrirtæki í aðildarríki“ og „fyrirtæki í hinu aðildarríkinu“ merkir fyrirtæki sem rekið er af aðila, heimilisföstum í aðildarríki, og fyrirtæki sem rekið er af aðila, heimilisföstum í hinu aðildarríkinu;

i. „flutningar á alþjóðaleiðum“ merkir flutninga með skipi eða loftfari sem rekið er af fyrirtæki sem hefur raunverulega framkvæmdastjórn í aðildarríki, nema því aðeins að skipið eða loftfarið sé eingöngu notað milli staða í hinu aðildarríkinu;

j. „stjórn landshluta“ í sambandi við Sameinaða konungsríkið felur í sér Norður-Írland;

k. „bær stjórnvöld“ merkir, að því er Ísland varðar, fjármálaráðherra eða umboðsmann hans og, að því er Sameinaða konungsríkið varðar, forstöðumenn ríkisskattstofunnar eða umboðsmenn þeirra.

2. Við framkvæmd aðildarríkis á ákvæðum samnings þessa skulu, nema annað leiði af efninu, öll hugtök, sem ekki eru skilgreind í samningnum, hafa sömu merkingu og í lögum viðkomandi aðildarríkis að því er varðar skatta þá sem samningurinn tekur til.

4. gr.

Heimilisfesti að því er skattskyldu varðar

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „aðili heimilisfastur í aðildarríki“ sérhvern þann aðila sem að lögum þess ríkis er skattskyldur þar vegna heimilisfesti, búsetu, stjórnaraðseturs eða af öðrum svipuðum ástæðum. Hugtakið felur ekki í sér neinn þann aðila sem eingöngu er skattskyldur í þessu ríki af tekjum eða söluhagnaði af eignum sem eiga uppruna sinn í því ríki.

2. Þegar maður telst heimilisfastur í báðum aðildarríkjunum samkvæmt 1. tl. þessarar greinar skal úrskurða málið eftir neðangreindum reglum:

a. maður telst heimilisfastur í því aðildarríki þar sem hann á fast heimili. Eigi hann fast heimili í báðum aðildarríkjunum telst hann heimilisfastur í því aðildarríki sem hann er nánar tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna);

b. ef ekki er unnt að ákvarða í hvoru aðildarríkinu maður hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna, eða ef hann á í hvorugu aðildarríkinu fast heimili, telst hann heimilisfastur í því aðildarríki þar sem hann dvelst að jafnaði;

c. ef maður dvelst að jafnaði í báðum aðildarríkjunum eða í hvorugu þeirra, telst hann heimilisfastur í því aðildarríki þar sem hann á ríkisfang;

d. ef maður á ríkisfang í báðum eða hvorugu aðildarríkjanna skulu bær stjórnvöld í aðildarríkjunum leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

3. Þegar aðili, annar en maður, telst eiga heimilisfesti í báðum aðildarríkjunum samkvæmt 1. tl. þessarar greinar telst hann heimilisfastur í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn hans hefur aðsetur.

5. gr.

Föst atvinnustöð

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „föst atvinnustöð“ fasta atvinnustofnun þar sem starfsemi fyrirtækisins fer að nokkru eða öllu leyti fram.

2. Hugtakið „föst atvinnustöð“ merkir einkum:

a. aðsetur framkvæmdastjórnar;

b. útibú;

c. skrifstofu;

d. verksmiðju;

e. verkstæði;

f. búnað eða mannvirki notað til rannsókna á náttúruauðlindum;

g. námu, olíu- eða gaslind, grjótnámu eða sérhvern annan stað til náms eða hagnýtingar náttúruauðæfa.

3. Byggingarframkvæmd eða samsetningar- eða uppsetningarvinna telst því aðeins föst atvinnustöð að framkvæmdir standi yfir lengur en tólf mánuði.

4. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar tekur hugtakið „föst atvinnustöð“ ekki til:

a. nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum í eigu fyrirtækisins;

b. birgðahalds á vörum í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til geymslu, sýningar eða afhendingar;

c. birgðahalds á vörum í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;

d. fastrar atvinnustofnunar sem eingöngu er notuð í sambandi við vörukaup eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið;

e. fastrar atvinnustofnunar sem eingöngu er notuð til að annast sérhverja aðra undirbúnings- eða aðstoðarstarfsemi fyrir fyrirtækið;

f. fastrar atvinnustofnunar sem nýtt er eingöngu til að samhæfa starfsemi sem fellur undir staflíði a.–e. þessarar greinar, enda felist sú starfsemi sem fram fer í þessari föstu atvinnustofnun vegna þessarar samhæfingar í heild sinni í undirbúnings- eða aðstoðarstörfum.

5. Ef aðili sem ekki er óháður umboðsaðili samkvæmt ákvæðum 6. tl. þessarar greinar hefur á hendi starfsemi fyrir fyrirtæki og hefur heimild í aðildarríki til að gera samninga fyrir fyrirtækið, og beitir þessari heimild að jafnaði, er fyrirtæki þetta — þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. þessarar greinar — talið hafa fasta atvinnustöð í því ríki vegna hvers konar starfsemi sem aðillinn gegnir fyrir fyrirtækið. Þetta á þó ekki við ef starfsemi þessa aðila er takmörkuð við þá starfsemi sem um ræðir í 4. tl. þessarar greinar og sem myndi ekki, þótt innt væri af hendi á fastri atvinnustofnun, gera þessa föstu atvinnustofnun að fastri atvinnustöð samkvæmt ákvæðum þess töluliðar.

6. Fyrirtæki telst ekki hafa fasta atvinnustöð í aðildarríki eingöngu vegna þess að það rekur þar viðskipti fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, svo framarlega sem þessir aðilar koma fram innan marka venjulegs atvinnurekstrar síns.

7. Þótt félag sem er heimilisfast í aðildarríki stjórni eða sé stjórnað af félagi sem er heimilisfast í hinu aðildarríkinu eða rekur viðskipti í síðarnefnda ríkinu (annaðhvort fyrir milligöngu fastrar atvinnustöðvar eða á annan hátt), leiðir það í sjálfu sér ekki til þess að annað hvort þessara félaga sé föst atvinnustöð hins.

6. gr.

Tekjur af fasteign

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur af fasteign (þar með taldar tekjur af landbúnaði og nýtingu skógar) sem staðsett er í hinu aðildarríkinu má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið „fasteign“ skal skýra í samræmi við lög þess aðildarríkis þar sem fasteignin er. Í öllum tilvikum felur hugtakið í sér fylgifé með fasteign, áhöfn og tæki, sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnyttjar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamálaréttarins, afnotarétt af fasteign og rétt til fastrar eða breytilegrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu eða rétt til að hagnýta námur, lindir og aðrar náttúruauðlindir. Skip, bátar og loftför teljast ekki til fasteigna.

3. Ákvæði 1. tl. þessarar greinar gilda um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu og hvers konar öðrum afnotum fasteignar.

4. Ákvæði 1. og 3. tl. þessarar greinar gilda einnig um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis og um tekjur af fasteign sem hagnýtt er við sjálfstæða starfsemi.

7. gr.

Tekjur af atvinnurekstri

1. Hagnaður fyrirtækis í aðildarríki er skattskyldur einungis í því ríki nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í hinu aðildarríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíkan atvinnurekstur með höndum má leggja skatt á hagnað fyrirtækisins í síðarnefnda ríkinu, en þó einungis að því marki sem hagnaðurinn stafar frá nefndri fastri atvinnustöð.

2. Þegar fyrirtæki í aðildarríki hefur með höndum atvinnurekstur í hinu aðildarríkinu frá fastri atvinnustöð þar, skal hvort aðildarríkið um sig — nema annað leiði af ákvæðum 3. tl. þessarar greinar — telja föstu atvinnustöðinni þann hagnað sem ætla má að fallið hefði í hennar hlut ef hún hefði verið sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki sem hefði með höndum sams konar eða svipaðan atvinnurekstur við sömu

eða svipaðar aðstæður og kæmi sjálfstætt fram í skiptum við fyrirtæki það sem hún er föst atvinnustöð fyrir.

3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt útgjöld, þar með talinn kostnað við framkvæmdastjórn og venjulegan stjórnunarkostnað sem leiða af því að hún er föst atvinnustöð og sem með sannsýni geta talist tengd þeim hagnaði sem ákvarðaður er föstu atvinnustöðinni. Þetta gildir hvort heldur útgjöldin eru til orðin í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er eða annars staðar.

4. Að því leyti sem venja hefur verið í aðildarríki að ákvarða hagnað fastrar atvinnustöðvar á grundvelli skiptingar heildarhagnaðar fyrirtækisins á hina ýmsu hluta þess skal ekkert í 2. tl. útiloka það aðildarríki frá því að ákveða skattskyldan hagnað eftir þeirri skiptingu sem tíðkast hefur. Aðferð sú, sem notuð er við skiptinguna, skal samt sem áður vera slík að niðurstaðan verði í samræmi við þær meginreglur sem felast í þessari grein.

5. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð eingöngu vegna vörukaupa hennar fyrir fyrirtækið.

6. Við beitingu ákvæða framangreindra töluþiða skal hagnaður, sem talinn er fastri atvinnustöð, ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs nema fullnægjandi ástæða sé til annars.

7. Þegar hagnaðurinn felur í sér tekjur eða söluhagnað af eignum sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum samnings þessa, skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

8. gr.

Siglingar og loftferðir

1. Hagnaður af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

2. Ef aðsetur raunverulegrar framkvæmdastjórnar útgerðarfyrirtækis er um borð í skipi, skal hún teljast hafa aðsetur í því aðildarríki þar sem heimahöfn skipsins er, eða ef ekki er um slíka heimahöfn að ræða þá í því aðildarríki þar sem útgerðarmaður skipsins er heimilisfastur.

3. Þegar fyrirtæki í aðildarríki hlotnast hagnaður samkvæmt 1. tl. þessarar greinar af þátttöku í rekstrarsamvinnu ("pool"), sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum, skal hagnaðurinn sem telst til þessa fyrirtækis einungis skattlagður í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn þessa fyrirtækis hefur aðsetur.

4. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. samnings þessa skal hagnaður fyrirtækis í aðildarríki af notkun, viðhaldi eða útleigu gáma (þ.m.t. tengivagnar og tengdur útbúnaður til flutnings á gámum) sem notaðir eru til flutnings á vörum einungis skattlagður í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn þessa fyrirtækis hefur aðsetur, nema að því leyti sem þessir gámar eða tengivagnar og tengdur útbúnaður er eingöngu notaður til flutnings milli staða í hinu aðildarríkinu.

9. gr.

Tengd fyrirtæki

1. Þegar

a. fyrirtæki í aðildarríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn, yfirráðum eða fjármagni fyrirtækis í hinu aðildarríkinu, eða

b. sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn, yfirráðum eða fjármagni fyrirtækis í aðildarríki og fyrirtækis í hinu aðildarríkinu,

og í öðru hvoru tilvikinu hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða ákveða skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu sem eru frábrugðnir því sem væri ef fyrirtækin væru hvort öðru óháð, má allur hagnaður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins, en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, teljast sem hagnaður þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því af hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Þegar aðildarríki telur með í hagnaði fyrirtækis í því ríki — og skattleggur samkvæmt því — hagnað sem fyrirtæki í hinu aðildarríkinu hefur verið skattlagt af í því ríki og hagnaðurinn sem þannig er innifalinn er hagnaður sem hefði runnið til fyrirtækisins í fyrrnefnda ríkinu ef skilmálarnir sem samið var um milli þessara tveggja fyrirtækja hefðu verið þeir sömu og samið hefði verið um milli óháðra fyrirtækja, þá skal hitt ríkið framkvæma viðeigandi leiðréttingu á fjárhæð álagðs skatts þar á þennan hagnað. Við ákvörðun slíkar leiðréttingar skal fullt tillit tekið til annarra ákvæða samnings þessa og bær stjórnvöld aðildarríkjanna skulu, ef nauðsyn krefur, ráðgast sín á milli.

10. gr.

Ágóðahlutir

1. a. i. Ágóðahluti móttækna frá félagi sem er heimilisfast í Sameinaða konungsríkinu af aðila heimilisföstum á Íslandi má skattleggja á Íslandi.
 - ii. Þegar aðili heimilisfastur á Íslandi á rétt til skattainneignar að því er varðar slíkan ágóðahlut samkvæmt staflíð b. þessa töluliðar, má einnig skattleggja í Sameinaða konungsríkinu samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins samanlagða fjárhæð eða verðmæti þessa ágóðahlutar og fjárhæð skattainneignarinnar með skattstigi sem ekki má herra vera en 15 af hundraði.
 - iii. Að undanskildum ákvæðum staflíðar a. ii. þessa töluliðar skulu ágóðahlutir móttækir frá félagi heimilisföstu í Sameinaða konungsríkinu af aðila heimilisföstum á Íslandi, sem er raunverulegur réttihafi ágóðahlutanna, undanþegnir sérhverjum skatti af ágóðahlutum í Sameinaða konungsríkinu.
 - b. Aðili heimilisfastur á Íslandi sem móttækur ágóðahluti frá félagi sem er heimilisfast í Sameinaða konungsríkinu skal, háð skilyrðum staflíðar c. þessa töluliðar og að því tilskildu að hann sé raunverulegur réttihafi ágóðahlutanna, eiga rétt til skattainneignar þar af á sama hátt og maður sem er heimilisfastur í Sameinaða konungsríkinu hefði haft rétt til hefði hann verið móttakandi ágóðahlutanna og rétt til greiðslu á þeirri fjárhæð sem skattainneigninni nemur umfram skyldu hans til greiðslu skatts í Sameinaða konungsríkinu.
 - c. Ákvæði staflíðar b. þessa töluliðar skulu ekki gilda þegar raunverulegur réttihafi ágóðahlutanna er félag eða er tengdur félagi sem eitt sér eða ásamt einu eða fleirum tengdum félögum hefur yfir að ráða, beint eða óbeint, a.m.k. 10 hundraðshlutum af atkvæðamagni í félaginu sem greiðir ágóðahlutina. Við beitingu þessa staflíðar skulu tvö félög teljast tengd ef annað þeirra ræður beint eða óbeint yfir meiru en 50 hundraðshlutum af atkvæðamagni í hinu félaginu eða þriðja félag ræður yfir meiru en 50 hundraðshlutum af atkvæðamagni þeirra beggja.
 - d. i. Þrátt fyrir ákvæði staflíða b. og c. þessa töluliðar, skal engin skattainneign greidd þegar raunverulegur réttihafi ágóðahlutanna er félag, að undanskildu félagi sem er með hlutabréf sín opinberlega skráð á verðbréfaþingi á Íslandi, nema félagið sýni fram á að yfirráð þess sé ekki í höndum aðila eða tveggja eða fleiri tengdra eða samtengdra aðila sem hefðu ekki átt rétt til skattainneignar ef hann eða þeir hefðu verið raunverulegir réttihafar ágóðahlutanna.
 - ii. Við beitingu þessa staflíðar skal talið að aðili eða tveir eða fleiri tengdir eða samtengdir aðilar hafi yfirráð félags ef hann eða þeir gætu talist hafa yfirráð þess í sérhverjum tilgangi samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins varðandi þá skatta sem samningur þessi tekur til og aðilar skulu taldir tengdir eða samtengdir ef þeir gætu talist svo í sérhverjum tilgangi samkvæmt þessari löggjöf. Samt sem áður, þegar maður er talinn hafa yfirráð í félagi eingöngu vegna þeirrar staðreyndar að hann á almennan flokk hlutabréfa í félaginu sem bera full atkvæðis- og arðsréttindi og þessi maður á ekki meira en 10 hundraðshluta af heildarfjölda slíkra hlutabréfa í félaginu, skulu hlutabréfin í eigu hans ekki talin með við ákvörðun á því hvort yfirráð félagsins eru á hendi aðila eða tveggja eða fleiri tengdra eða samtengdra aðila sem hefðu ekki átt rétt til skattainneignar ef hann eða þeir hefðu verið raunverulegir réttihafar ágóðahlutanna sem runnu til félagsins, þó að því tilskildu að ekki skal skilja undan meira en 25 hundraðshluta af heildarfjölda slíkra hlutabréfa í félaginu.
2. Ágóðahluti móttækna frá félagi sem er heimilisfast á Íslandi af aðila heimilisföstum í Sameinaða konungsríkinu má skattleggja í Sameinaða konungsríkinu. Slíka ágóðahluti má einnig skattleggja á Íslandi í samræmi við íslenska löggjöf, en sé móttakandinn raunverulegur réttihafi ágóðahlutanna má skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en:
 - a. 5 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna ef raunverulegi réttihafinn er félag (undanskilið er þó sameignarfélag) sem á beint að minnsta kosti 10 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu sem ágóðahlutina greiðir;
 - b. 15 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna í öllum öðrum tilvikum.
 3. Ágóðahluti móttækna frá félagi sem er heimilisfast á Íslandi af félagi heimilisföstu í Sameinaða konungsríkinu má, þrátt fyrir ákvæði staflíðar a. 2. tl. þessarar greinar, skattleggja á Íslandi með skattstigi sem ekki má herra vera en 15 af hundraði af þeim hluta ágóðahlutanna sem hefur samkvæmt

íslenskum lögum verið leyfður sem frádráttur frá hagnaði félagsins sem ágóðahlutina greiddi eða sem yfirfæranlegt rekstrartap þess.

4. Hugtakið „ágóðahlutir“ skal við ákvörðun íslensks skatts fela í sér sérhverjar tekjur sem farið er með sem úthlutun samkvæmt íslenskum lögum og við ákvörðun skatts Sameinaða konungsríkisins fela í sér sérhverjar tekjur sem farið er með sem úthlutun samkvæmt lögum Sameinaða konungsríkisins.

5. Ákvæði 1. tl. eða, eftir því sem við á, 2. og 3. tl. þessarar greinar gilda ekki þegar raunverulegur réttihafi ágóðahlutanna er heimilisfastur í aðildarríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu þar sem félagið sem greiðir ágóðahlutina er heimilisfast, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu og hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. samnings þessa gilda.

6. Ef félag sem er heimilisfast í aðildarríki fær hagnað eða tekjur frá hinu aðildarríkinu getur síðarnefnda ríkið hvorki skattlagt ágóðahlutina sem félagið greiðir nema að því leyti sem ágóðahlutirnir eru greiddir aðila heimilisföstum í síðarnefnda ríkinu eða að því leyti sem hlutareignin sem af eru greiddir ágóðahlutirnir er raunverulega bundin við fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í síðarnefnda ríkinu né heldur lagt á óúthlutaðan hagnað félagsins skatt vegna óúthlutaðs hagnaðar. Þetta gildir jafnt þótt ágóðahlutirnir eða óúthlutaði hagnaðurinn séu að öllu eða nokkru leyti hagnaður eða tekjur sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.

7. Ef raunverulegur réttihafi ágóðahlutar, sem er heimilisfastur í aðildarríki, á 10 hundraðshluta eða meira af þeim flokki hlutabréfa sem af er greiddur ágóðahluturinn, þá skulu ákvæði 1. tl. eða, eftir því sem við á, 2. og 3. tl. þessarar greinar ekki gilda varðandi ágóðahlutinn að svo miklu leyti sem hann gæti einungis hafa verið greiddur af hagnaði sem félagið sem ágóðahlutina greiðir aflaði eða af öðrum tekjum sem það móttók á tímabili sem lokið var 12 mánuðum eða meira fyrir hlutaðeigandi dagsetningu. Við beitingu þessa tölulídar merkir hugtakið „hlutaðeigandi dagsetning“ þann dag sem raunverulegur réttihafi ágóðahlutarins varð eigandi 10 hundraðshluta eða meira af þeim flokki hlutabréfa sem um er að ræða. Ákvæði þessa tölulídar skulu þó ekki gilda ef raunverulegur réttihafi ágóðahlutarins sýnir fram á að hlutabréfanna var aflað vegna raunverulegra viðskiptalegra ástæðna en ekki fyrst og fremst í þeim tilgangi að verða sér úti um hagsbætur þessarar greinar.

11. gr.

Vextir

1. Vextir, sem myndast í aðildarríki, sem móttæknir eru af aðila sem er raunverulegur réttihafi þeirra og er heimilisfastur í hinu aðildarríkinu skulu einungis skattlagðir í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið „vextir“ skal við ákvörðun íslensks skatts fela í sér sérhverjar tekjur sem farið er með sem vexti samkvæmt íslenskum lögum og við ákvörðun skatts Sameinaða konungsríkisins fela í sér sérhverjar tekjur sem farið er með sem vexti samkvæmt lögum Sameinaða konungsríkisins, en skal ekki fela í sér neinar tekjur sem farið er með sem ágóðahlut samkvæmt ákvæðum 10. gr. samnings þessa.

3. Ákvæði 1. tl. þessarar greinar gilda ekki þegar raunverulegur réttihafi vaxtanna er heimilisfastur í aðildarríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu þar sem vextirnir mynduðust, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu, og skuldakrafan sem vextirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. samnings þessa gilda.

4. Þegar, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs rétthafa eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, vaxtafjárhæðin er hærri, hver svo sem ástæðan er, en sú vaxtafjárhæð sem greiðandi og raunverulegur réttihafi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, þá skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er vera skattskyld í samræmi við lögjöf hvors aðildarríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

5. Sérhverju ákvæði í lögum annars hvors aðildarríkis sem eingöngu lýtur að vöxtum greiddum félagi án heimilisfesti í aðildarríki skal ekki beita þannig að krafist verði að slíkir vextir greiddir félagi heimilisföstu í hinu aðildarríkinu verði með farnir sem úthlutun eða ágóðahlutur hjá því félagi sem greiddi vextina. Framangreind setning skal ekki gilda varðandi vexti greidda félagi með heimilisfesti í öðru hvoru aðildarríkjanna ef yfirráð meira en 50 hundraðshluta atkvæðisréttar í því eru beint eða óbeint í höndum eins eða fleiri aðila sem eru heimilisfastir í hinu aðildarríkinu.

6. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki gilda ef skuldakrafan sem af eru greiddir vextirnir var mynduð eða framseld aðallega í þeim tilgangi að njóta hagræðis þessarar greinar, en ekki vegna raunverulegra viðskiptalegra ástæðna.

7. Ákvæði 1. tl. þessarar greinar skulu ekki gilda þegar raunverulegur rétthafi vaxtanna er félag, að undanskildu skráðu félagi, nema félagið sýni fram á að yferráð þess séu ekki í höndum aðila eða tveggja eða fleiri tengdra eða samtengdra aðila, sem einn eða fleiri hefðu ekki átt rétt til ívilunar samkvæmt 1. tl. þessarar greinar, ef hann hefði verið raunverulegur rétthafi vaxtanna.

8. Í sambandi við beitingu 7. tl. þessarar greinar:

a. er skráð félag sérhvert félag sem er með hlutabréf sín opinberlega skráð á verðbréfaþingi í því aðildarríki þar sem það er heimilisfast;

b. nema annað leiði af ákvæðum 9. tl. þessarar greinar, skal talið að aðili eða tveir eða fleiri tengdir eða samtengdir aðilar hafi yferráð félags ef þeir gætu talist hafa yferráð þess í sérhverjum tilgangi samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem vextirnir mynduðust varðandi þá skatta sem samningur þessi tekur til og aðilar skulu taldir tengdir eða samtengdir ef þeir gætu talist svo í sérhverjum tilgangi samkvæmt þessari löggjöf.

9. Þegar maður er talinn samkvæmt staflið b. 8. tl. þessarar greinar hafa yferráð í félagi eingöngu vegna þeirrar staðreyndar að hann á almennan flokk hlutabréfa í félaginu sem bera full atkvæðis- og arðsréttindi og þessi maður á ekki meira en 10 hundraðshluta af heildarfjölda slíkra hlutabréfa í félaginu, skulu hlutabréfin í eigu hans ekki talin með við ákvörðun á því hvort yferráð félagsins eru á hendi aðila eða tveggja eða fleiri tengdra eða samtengdra aðila, þó að því tilskildu að ekki skal skilja undan meira en 25 hundraðshluta af heildarfjölda slíkra hlutabréfa í félaginu á þennan hátt.

12. gr.

Þóknanir

1. Þóknanir móttækna af aðila sem er raunverulegur rétthafi þeirra og er heimilisfastur í aðildarríki skulu einungis skattlagðar í því ríki.

2. Hugtakið „þóknanir“ í þessari grein merkir hvers konar greiðslur sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til að hagnýta hvers konar höfundarrétt á bókmennta-, lista- eða vísindasviðinu (þar með taldar kvikmyndir og mynd- eða hljóðsegulbönd fyrir hljóðvarps- eða sjónvarpsendingar), hvers konar einkaleyfi, vörumerki, mynstur eða líkón, áætlanir, leynilega formúlu eða framleiðsluaðferð, eða fyrir afnot eða rétt til að hagnýta iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnað eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.

3. Ákvæði 1. tl. þessarar greinar gilda ekki þegar raunverulegur rétthafi þóknanna er heimilisfastur í aðildarríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu, og réttindin eða eignin sem þóknanirnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. samnings þessa gilda.

4. Þegar, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs rétthafa eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, fjárhæð þóknanna er hærrí, hver svo sem ástæðan er, en sú fjárhæð sem greiðandi og raunverulegur rétthafi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, þá skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er vera skattskyld í samræmi við löggjöf hvors aðildarríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

5. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki gilda ef réttindin eða eignin sem myndar rétt til þóknanna var mynduð eða framseld aðallega í þeim tilgangi að njóta hagræðis þessarar greinar, en ekki vegna raunverulegra viðskiptalegra ástæðna.

6. Ákvæði 1. tl. þessarar greinar skulu ekki gilda þegar raunverulegur rétthafi þóknanna er félag, að undanskildu skráðu félagi, nema félagið sýni fram á að yferráð þess sé ekki í höndum aðila eða tveggja eða fleiri tengdra eða samtengdra aðila sem hefðu ekki átt rétt til ívilunar samkvæmt 1. tl. þessarar greinar ef hann eða þeir hefðu verið raunverulegir rétthafar þóknanna.

7. Í sambandi við beitingu 6. tl. þessarar greinar:

a. er skráð félag sérhvert félag sem er með hlutabréf sín opinberlega skráð á verðbréfaþingi í því aðildarríki þar sem það er heimilisfast;

b. nema annað leiði af ákvæðum 8. tl. þessarar greinar, skal talið að aðili eða tveir eða fleiri tengdir eða samtengdir aðilar hafi yfirráð félags ef þeir gætu talist hafa yfirráð þess í sérhverjum tilgangi samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem þóknanirnar mynduðust varðandi þá skatta sem samningur þessi tekur til og aðilar skulu taldir tengdir eða samtengdir ef þeir gætu talist svo í sérhverjum tilgangi samkvæmt þessari löggjöf.

8. Þegar maður er talinn samkvæmt staflíð b. 7. tl. þessarar greinar hafa yfirráð í félagi eingöngu vegna þeirrar staðreyndar að hann á almennan flokk hlutabréfa í félaginu sem bera full atkvæðis- og arðsréttindi og þessi maður á ekki meira en 10 hundraðshluta af heildarfjölda slíkra hlutabréfa í félaginu, skulu hlutabréfin í eigu hans ekki talin með við ákvörðun á því hvort yfirráð félagsins eru á hendi aðila eða veggja eða fleiri tengdra eða samtengdra aðila, þó að því tilskildu að ekki skal skilja undan meira en 25 hundraðshluta af heildarfjölda slíkra hlutabréfa í félaginu á þennan hátt.

13. gr.

Söluhagnaður af eignum

1. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hlýtur af sölu fasteignar sem nánar er skilgreind í 6. gr. samnings þessa, sem staðsett er í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hagnað, sem hlýst af sölu lausafjár sem er hluti atvinnurekstrareigna fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í aðildarríki hefur í hinu aðildarríkinu, eða lausafjár sem tilheyrir fastri stofnun sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur til þess að leysa af hendi sjálfstæða starfsemi í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Sama gildir um slíkan hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða slíkri fastri stofnun.

3. Hagnað, sem hlýst af sölu skips eða loftfars sem notað er í flutningum á alþjóðaleiðum, eða lausafjár sem tengt er notkun slíks skips eða loftfars, skal einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

4. Hagnað, sem fyrirtæki í aðildarríki hlýtur af sölu gáma (þ.m.t. tengivagnar og tengdur útbúnaður til flutnings á gámum) sem notaðir eru til flutnings á vörum, skal einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn þessa fyrirtækis hefur aðsetur, nema að því leyti sem þessir gámar eða tengivagnar og tengdur útbúnaður er eingöngu notaður til flutnings milli staða í hinu aðildarríkinu.

5. Hagnað, sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er í fyrri tölulíðum þessarar greinar, skal einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

14. gr.

Sjálfstæð starfsemi

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hlýtur af sjálfstæðri starfsemi eða öðru sjálfstæðu starfi, skulu einungis vera skattskyldar í því ríki, nema hann hafi að jafnaði í hinu aðildarríkinu fasta stofnun til þess að leysa af hendi þessi störf sín. Ef hann hefur slíka fasta stofnun má leggja skatt á tekjurnar í hinu ríkinu, en þó einungis þann hluta þeirra sem rekja má til þessarar föstu stofnunar.

2. Hugtakið „sjálfstæð starfsemi“ merkir einkum sjálfstæð störf á sviði vísinda, bókmennta, lista, kennslu- og uppeldismála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögræðinga, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

15. gr.

Launað starf

1. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 16., 18. og 19. gr. samnings þessa, skulu starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir starf sitt, einungis skattskyld í því ríki, nema starfið sé innt af hendi í hinu aðildarríkinu. Ef starfið er innt af hendi þar má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. þessarar greinar skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir starf sem hann innir af hendi í hinu aðildarríkinu, einungis vera skattskyld í fyrirnefnda ríkinu ef:

a. viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, þó ekki lengur en 183 daga samtals á sérhverju tólf mánaða tímabili; og

b. endurgjaldið er innt af hendi af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem ekki er heimilisfastur í hinu ríkinu; og

c. endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stofnun sem vinnuveitandinn rekur í hinu ríkinu.

3. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar má skattleggja endurgjald fyrir starf unnið um borð í skipi eða loftfari í flutningum á alþjóðaleiðum í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

16. gr.

Stjórnarlaun

Stjórnarlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir setu í stjórn í félagi sem heimilisfast er í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

17. gr.

Listamenn og íþróttamenn

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. og 15. gr. samnings þessa má skattleggja aðila heimilisfastan í aðildarríki af tekjum sem hann aflar í hinu aðildarríkinu af persónulegum störfum sem listamaður, svo sem leikhús- eða kvikmyndaleikari, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.

2. Þegar tekjur af starfi, sem framkvæmt er af listamanni eða íþróttamanni sem slíkum, renna ekki til listamannsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila, má, þrátt fyrir ákvæði 7., 14. og 15. gr. samnings þessa, skattleggja tekjurnar í því aðildarríki þar sem starfsemi listamannsins eða íþróttamannsins fer fram.

18. gr.

Eftirlaun, lífeyrir, framfærslueyrir og greiðslur almannatrygginga

1. Með þeim undantekningum sem um ræðir í 2. tl. 19. gr. samnings þessa, skulu eftirlaun og aðrar svipaðar greiðslur, framfærslueyrir og lífeyrir, svo og eftirlaun og aðrar greiðslur frá almannatryggingum greiddar aðila heimilisföstum í aðildarríki, einungis skattlagðar í því ríki.

2. Hugtakið „lífeyrir“ merkir tiltekna fjárhæð, sem greidd er manni með vissu millibili á tilteknum tímum í lífanda lífi eða yfir tiltekið tímabil eða tímabil sem unnt er að ákvarða, samkvæmt skuldbindingu um að inna þessar greiðslur af hendi gegn fullnægjandi eða fullu endurgjaldi í peningum eða ígildi peninga.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. þessarar greinar, skal sérhver greiðsla framfærslueyris eða annarra meðlaga, sem innt er af hendi af aðila heimilisföstum í aðildarríki til aðila heimilisfasts í hinu aðildarríkinu, einungis skattlögð í fyrrnefnda ríkinu, ef greiðandinn hefur ekki notið ívilnunar í skatti vegna greiðslunnar.

19. gr.

Opinbert starf

1. a. Endurgjald, að undanteknum eftirlaunum, sem greitt er af aðildarríki, stjórn landshluta eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þessa ríkis, stjórnar landshluta eða sveitarstjórnar, skal einungis skattleggja í því ríki.

b. Þrátt fyrir ákvæði staflíðar a. þessa töluliðar skal þó einungis skattleggja slíkt endurgjald í hinu aðildarríkinu ef starfið er innt af hendi þar og maðurinn er heimilisfastur í því ríki og:

i. er ríkisborgari þess ríkis; eða

ii. tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að inna þetta starf af hendi.

2. a. Eftirlaun, sem greidd eru af eða úr sjóðum stofnuðum af aðildarríki, stjórn landshluta eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þessa ríkis, stjórnar landshluta eða sveitarstjórnar, skal einungis skattleggja í því ríki.

b. Þrátt fyrir ákvæði staflíðar a. þessa töluliðar skal þó einungis skattleggja slík eftirlaun í hinu aðildarríkinu ef maðurinn er þar heimilisfastur og er ríkisborgari þess ríkis.

3. Ákvæði 15., 16. og 18. gr. samnings þessa skulu gilda um endurgjald og eftirlaun greidd fyrir störf innt af hendi í sambandi við starfsemi sem rekin er af aðildarríki, stjórn landshluta eða sveitarstjórn þess.

20. gr.

Námsmenn og starfsmenn

Námsmaður eða starfsmeni, sem er eða var síðast fyrir komu sína til aðildarríkis heimilisfastur í hinu aðildarríkinu og sem dvelur í fyrrnefnda ríkinu einungis vegna náms síns eða þjálfunar, skal ekki vera skattlagður í fyrrnefnda ríkinu af greiðslum sem hann fær til að standa straum af framfærslu sinni, námi eða þjálfun, enda séu slíkar greiðslur til hans runnar frá aðilum utan þess ríkis.

21. gr.

Aðrar tekjur

1. Tekjur, aðrar en tekjur sem greiddar eru út úr fjárvörslustofnunum eða dánarbúum undir skiptum, sem aðili sem er raunverulegur réttthafi þeirra og er heimilisfastur í aðildarríki aflar og ekki er fjallað um í fyrri greinum samnings þessa, skal einungis skattleggja í því ríki og skiptir ekki máli hvar þeirra er aflað.

2. Tekjur greiddar út úr fjárvörslustofnunum eða dánarbúum undir skiptum má skattleggja í báðum aðildarríkjunum.

3. Ákvæði 1. tl. þessarar greinar gilda ekki um tekjur, aðrar en tekjur af fasteign, sbr. skilgreiningu í 2. tl. 6. gr. samnings þessa, þegar móttakandi teknanna er heimilisfastur í aðildarríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu og réttindin eða eignin sem tekjurnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. samnings þessa gilda.

22. gr.

Aðferð til að komast hjá tvísköttun

1. Í samræmi við ákvæði laga Sameinaða konungsríkisins varðandi veitingu frádráttar frá skatti Sameinaða konungsríkisins á greiðsluskyldum skatti á landssvæðum utan Sameinaða konungsríkisins (sem ekki skulu hafa áhrif hér á almennar grundvallarreglur):

a. skal íslenskur skattur sem greiðsluskyldur er samkvæmt íslenskum lögum og í samræmi við ákvæði samnings þessa, hvort heldur beint eða sem frádráttur, af hagnaði, tekjum eða skattskyldum söluhagnaði sem myndast hefur á Íslandi (undantekning gildir þó varðandi ágóðahlut að því er tekur til greiðsluskyldu skatts af þeim hagnaði sem varið er til greiðslu ágóðahlutarins) leyfður sem frádráttur frá sérhverjum skatti Sameinaða konungsríkisins reiknuðum með hliðsjón af sama hagnaði, tekjum eða skattskyldum söluhagnaði sem er grunnurinn að útreikningi íslenska skattsins;

b. sé um að ræða ágóðahlut greiddan af félagi með heimilisfesti á Íslandi til félags með heimilisfesti í Sameinaða konungsríkinu sem hefur yfir að ráða beint eða óbeint a.m.k. 10 hundraðshlutum af atkvæðamagni í félaginu sem greiðir ágóðahlutinn, skal taka með í reikningi frádráttarins (í viðbót við sérhvern íslenskan skatt sem veita má sem frádrátt samkvæmt ákvæðum stafliðar a. þessa tölulíðar) íslenska skattinn sem greiðsluskyldur er af félaginu af þeim hagnaði sem af var greiddur slíkur ágóðahlutur.

2. a. Þegar aðili heimilisfastur á Íslandi hefur tekjur sem samkvæmt ákvæðum samnings þessa má skattleggja í Sameinaða konungsríkinu, skal Ísland — nema annað leiði af ákvæðum stafliðar b. þessa tölulíðar — undanþiggja þessar tekjur skattlagningu, en má, þegar reiknaður er skattur af öðrum tekjum þessa aðila, nota þann skattstíga sem notaður hefði verið ef undanþegnu tekjurnar hefðu ekki verið þannig undanþegnar.

b. Þegar aðili heimilisfastur á Íslandi hefur tekjur sem skattleggja má í Sameinaða konungsríkinu samkvæmt ákvæðum 10., 16. og 17. gr. og 2. tl. 21. gr. samnings þessa skal Ísland leyfa sem frádrátt frá skatti af tekjum þessa aðila fjárhæð jafna skatti greiddum í Sameinaða konungsríkinu. Frádráttur þessi skal þó ekki nema hærri fjárhæð en þeim hluta skattsins reiknaðs áður en frádráttur er veittur sem svarar til teknanna frá Sameinaða konungsríkinu.

3. Við beitingu 1. og 2. tl. þessarar greinar skal hagnaður, tekjur og söluhagnaður eignar sem aðili heimilisfastur í aðildarríki aflar og sem skattleggja má í hinu aðildarríkinu samkvæmt samningi þessum talinn eiga uppruna sinn í síðarnefnda aðildarríkinu.

23. gr.

Jafnrétti

1. Ríkisborgarar aðildarríkis skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu aðildarríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða gætu sætt við sömu aðstæður.

2. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í aðildarríki hefur í hinu aðildarríkinu skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á fyrirtæki þar sem hafa sams konar starfsemi með höndum.

3. Eigi ákvæði 1. tl. 9. gr., 4. og 5. tl. 11. gr. eða 4. tl. 12. gr. ekki við skulu vextir, þóknun og aðrar greiðslur frá fyrirtæki í aðildarríki til aðila heimilisfests í hinu aðildarríkinu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskyldra tekna slíks fyrirtækis eftir sömu reglum og greiðslur til aðila heimilisfests í fyrrnefnda ríkinu.

4. Þótt fjármagn fyrirtækja í aðildarríki sé að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða stjórnad af einum eða fleirum aðilum, sem eru heimilisfastir í hinu aðildarríkinu, skulu þau ekki vera háð annarri eða þyngri skattlagningu eða öðrum skyldum í því sambandi í fyrrnefnda ríkinu en fyrirtæki svipaðrar tegundar í því ríki eru eða gætu orðið háð.

5. Engin ákvæði þessarar greinar skal skýra þannig að þau skyldi annað hvort aðildarríkið til að veita mönnum án heimilisfesti í því ríki neina þá persónufrádrætti, ívilnanir og lækkun skatta sem það veitir mönnum þar heimilisföstum.

6. Ákvæði þessarar greinar skulu gilda um þá skatta sem um er að ræða samkvæmt samningi þessum.

24. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags

1. Þegar aðili telur að ráðstafanir sem gerðar eru af öðru hvoru eða báðum aðildarríkjunum leiði til eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki er í samræmi við ákvæði samnings þessa, getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt réttarvernd sem löggjöf þessara ríkja kveður á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því aðildarríki þar sem hann er heimilisfastur.

2. Ef bært stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálf leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu aðildarríkinu í því skyni að komist verði hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við ákvæði samnings þessa.

3. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi skýringu eða beitingu ákvæða samningsins. Þau geta einnig ráðgast sín á milli til ihugunar ráðstafana til að sporna við óviðeigandi notkun ákvæða samnings þessa.

4. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum geta haft beint samband sín á milli í því skyni að gera samkomulag í samræmi við það sem um er rætt í þessari grein.

25. gr.

Skipti á upplýsingum

1. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu skiptast á þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar ákvæða samnings þessa eða innlendrar löggjafar aðildarríkjanna varðandi þá skatta sem samningurinn tekur til að því leyti sem viðkomandi skattlagning er í samræmi við samninginn, einkum til að koma í veg fyrir svik og til að auðvelda framkvæmd lagaákvæða sem sporna við því að komist verði hjá skattlagningu. Allar upplýsingar móttekna af aðildarríki skal með fara sem trúnaðarmál á sama hátt og upplýsingar sem aflað er samkvæmt innlendi löggjöf þess ríkis og skal eingöngu gera kunnar aðilum eða stjórnvöldum (þar með töldum dómstólum og framkvæmdaraðilum) sem hafa með höndum ákvörðun eða innheimtu á þeim sköttum eða fullnustu- eða ákærvald varðandi þá skatta sem samningurinn tekur til. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu nota upplýsingarnar eingöngu í greindum tilgangi. Þeir mega þó gera þessar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómnsniðurstöðum.

2. Ákvæði 1. tl. þessarar greinar skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi á aðildarríki skyldu til:

- a. að framkvæma stjórnarráðstafanir sem víkja frá löggjöf eða stjórnvenju þess sjálfs eða hins aðildarríkisins,

- b. að láta í té upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt löggjöf eða eðlilegri stjórnvenju þess sjálfs eða hins aðildarríkisins,

c. að láta í té upplýsingar sem mundu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluaðferðum á sviði atvinnumála, viðskipta, iðnaðar, verslunar eða annarrar starfsemi, svo og upplýsingar sem gagnstætt er almenningshagsmunum (ordre public) að gefa.

26. gr.

Sendiráðsmenn eða starfsmenn fastanefnda og ræðisstofnana

Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á neinar þær skattaívilnanir sem sendiráðsmenn eða starfsmenn fastanefnda eða ræðisstofnana njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

27. gr.

Gildistaka

1. Hvort aðildarríkjanna um sig skal tilkynna hinu aðildarríkinu að nauðsynlegri málsmeðferð samkvæmt löggjöf þess að því er varðar gildistöku samningsins hafi verið lokið.

2. Samningurinn skal taka gildi á þeim degi sem síðari tilkynningin hefur verið móttækin og skal að svo búnu beitt:

a. á Íslandi:

að því er varðar skatta af tekjum og söluhagnaði eigna sem aflað er frá og með 1. janúar, þar með talið sérhvert reikningsár sem lýkur á því tímabili;

b. í Sameinaða konungsríkinu:

i. að því er varðar tekjuskatt og skatt af söluhagnaði eigna, fyrir sérhvert álagningarár sem hefst 6. apríl eða síðar;

ii. að því er varðar félagaskatt fyrir sérhvert fjárhagsár sem hefst 1. apríl eða síðar;

í báðum tilvikum á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári sem síðari tilkynningin var móttækin og síðari ár.

3. Samkomulag milli Íslands og Sameinaða konungsríkisins um gagnkvæma undanþágu frá tekjuskatti af skipaútgærd sem undirritað var í Lundúnum 27. apríl 1928 skal falla úr gildi og skal ekki beitt frá og með þeim degi sem beita skal ákvæðum samnings þessa að því er tekur til þeirra skatta sem samningur þessi tekur til samkvæmt ákvæðum 2. tl. þessarar greinar.

28. gr.

Uppsögn

Samningur þessi skal gilda þar til honum er sagt upp af öðru hvoru aðildarríkjanna. Eftir árið 1995 getur hvort aðildarríkjanna um sig sagt upp samningi þessum með tilkynningu um uppsögn eftir diplómatskum leiðum eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok sérhvers almanaksárs. Í slíku tilviki skal samningnum ekki beitt:

a. á Íslandi:

að því er varðar skatta af tekjum og söluhagnaði eigna fyrir sérhvert álagningarár skatta álagðra á tekjur og söluhagnað eigna á því almanaksári (þar með talið reikningsár sem lýkur á slíku ári) sem fylgir næst á eftir því ári sem tilkynning um uppsögn var send og síðari ár;

b. í Sameinaða konungsríkinu:

i. að því er varðar tekjuskatt og skatt af söluhagnaði eigna, fyrir sérhvert álagningarár sem hefst 6. apríl á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári sem tilkynningin var send eða síðar;

ii. að því er varðar félagaskatt fyrir sérhvert fjárhagsár sem hefst 1. apríl á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári sem tilkynningin var send eða síðar.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Reykjavík 30. september 1991 á íslensku og ensku og skulu báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Lýðveldisins Íslands:

Sigurbjörn Þorbjörnsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Sameinaða konungsríkisins
Stóra-Bretlands og Norður-Írlands:

Patrick Wogan

AUGLÝSING

um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

Hinn 23. desember 1991 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samkomulagi um breytingu á samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem undirritað var í Tammerfors 21. ágúst 1991, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1962, þar sem samningurinn er birtur, 16/1971, 17/1975, 13/1983, 16/1985 og 4/1986. Samkomulagið öðlast gildi 29. janúar 1992.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. desember 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Porsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG um breytingu á samstarfssamningnum milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem með samkomulagi frá 13. febrúar 1971, 11. mars 1974, 15. júní 1983 og 6. maí 1985 hafa breytt samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Norðurlandanna, og sem telja ráðvænlegt að gera tilteknar breytingar á skipulagi og starfsháttum Norðurlandaráðs, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

I.

51., 52., 54., 55., 56., 57. og 58. greinar samstarfssamningsins orðast svo:

51. grein

Þing Norðurlandaráðs skipa allir fulltrúar ráðsins.

Reglulegt þing er háð einu sinni á ári hið minnsta. Til aukabings skal kvatt þegar stjórnarnefndin ákveður eða þegar að minnsta kosti tvær ríkisstjórnir eða eigi færri en 25 kjörnir fulltrúar æskja þess.

Vald ráðsins er í höndum þingsins, nema annað sé ákveðið.

Þingfundir eru háðir í heyranda hljóði nema þingið ákveði annað.

52. grein

Á fyrsta reglulegu þingi hvers árs kys þingið stjórnarnefnd til eins árs í senn sem í eiga sæti forseti og flest tíu fulltrúar aðrir.

Hver deild ráðsins skal eiga eigi færri en tvo fulltrúa í stjórnarnefndinni. Þess skal gætt, svo sem unnt er, að mismunandi stjórnsmálafélagur eigi fulltrúa í stjórnarnefndinni.

Fulltrúi í stjórnarnefndinni skal vera kjörinn fulltrúi í ráðinu. Losni starf fulltrúa í stjórnarnefnd milli tveggja reglulegra þinga skal deild sú, sem fulltrúinn átti sæti í, kjósa annan fulltrúa til setu í stjórnarnefndinni þar til ný stjórnarnefnd verður kosin.

Stjórnarnefndin annast dagleg störf ráðsins og er að öðru leyti fulltrúi þess í samræmi við samning þennan og þingsköp ráðsins.

54. grein

Ráðinu til aðstoðar í störfum sínum er skrifstofa stjórnarnefndarinnar undir stjórn ritara stjórnarnefndarinnar sem stjórnarnefndin tilnefnir, svo og nefnd (ritarnefnd) sem í eiga sæti ritari stjórnarnefndarinnar og ritara deilda landanna.

Sérhver deild ræður starfslíð sér til aðstoðar.

55. grein

Sérhver ríkisstjórn, landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands, stjórn Álandseyja, ráðherra nefndin, stjórnarnefndin og fastanefndir ráðsins, svo og sérhver fulltrúi, hafa tillögurétt í ráðinu.

Fastanefndir ráðsins eða stjórnarnefndin skal fjalla um sérhvert mál áður en ráðið tekur það til lokaafgreiðslu.

56. grein

Þingið gerir ályktun á grundvelli tillögu sem fram hefur komið.

Stjórnarnefndinni er rétt að bera fram önnur tilmæli á grundvelli tillögu sem fram hefur komið.

Þingið leggur fram álit sitt. Þegar stjórnarnefndin ber fram tilmæli leggur hún fram álit sitt.

Stjórnarnefndin skal tilkynna þinginu þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið samkvæmt 2. og 3. mgr.

57. grein

Kjörinn fulltrúi getur beint fyrirspurn til ríkisstjórnar eða ráðherra nefndarinnar vegna skýrslu eða greinargerðar sem send hefur verið ráðinu eða um önnur mál sem varða norræna samvinnu.

58. grein

Hver deild ber kostnað af þátttöku sinni í ráðinu.

Stjórnarnefndin ákveður fyrir hvert fjárhagsár hvernig sameiginlegur kostnaður skiptist milli deildanna.

II.

Samkomulagið öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir aðilar hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt það.

Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum um móttöku þessara tilkynninga og um það hvenær samkomulagið tekur gildi.

III.

Frumriti þessa samkomulags skal komið til vörslu hjá finnska utanríkisráðuneytinu sem skal senda staðfest afrit af því til hinna aðilanna.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Tammerfors 21. ágúst 1991 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.

AUGLÝSING

um samning um hefðbundinn herafla í Evrópu.

Hinn 24. desember 1991 var hollenska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu sem gerður var í París 19. nóvember 1990 og undirritaður fyrir Íslands hönd sama dag. Alþingi hafði með ályktun 14. desember 1991 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Tilkynt verður um gildistöku samningsins síðar.

Meginmál samningsins er birt sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari. Í fylgiskjali 2 er birt bókun við samninginn um bráðabirgðagildistöku vissra ákvæða samningsins og í fylgiskjali 3 er birtur XIII. kafli bókonar við samninginn um eftirlit. Aðrar bókanir eru ekki birtar hér en hægt er að fá aðgang að texta þeirra í utanríkisráðuneytinu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. desember 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR um hefðbundinn herafla í Evrópu

Konungsríkið Belgía, Lýðveldið Búlgaría, Kanada, Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldið, Konungsríkið Danmörk, Franska lýðveldið, Sambandslýðveldið Þýskaland, Gríska lýðveldið, Lýðveldið Ungverjaland, Lýðveldið Ísland, Ítalska lýðveldið, Stórhertogadæmið Lúxemborg, Konungsríkið Holland, Konungsríkið Noregur, Lýðveldið Pólland, Portúgalska lýðveldið, Rúmenía, Konungsríkið Spánn, Lýðveldið Tyrkland, Sovétríkin, Sameinada konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland, Bandaríki Norður-Ameríku, hér eftir nefnd aðildarríkin,

Með hliðsjón af umboðinu fyrir samningaviðræður um hefðbundinn herafla í Evrópu frá 10. janúar 1989 og eftir að hafa átt þessar samningaviðræður í Vín frá 9. mars 1989,

Með hliðsjón af tilgangi og markmiðum Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, sem samningaviðræður um þennan samning byggjast á,

Minnug skyldu sinnar að forðast í tvíhliða samskiptum, svo og alþjóðasamskiptum almennt, hótanir um valdbeitingu eða beitingu valds gegn landamærahelgi eða stjórnmálalegu sjálfstæði nokkurs ríkis eða að brjóta á nokkurn hátt gegn markmiðum og meginreglum Sáttmála Sameinuðu þjóðanna,

TREATY on Conventional Armed Forces in Europe

The Kingdom of Belgium, the Republic of Bulgaria, Canada, the Czech and Slovak Federal Republic, the Kingdom of Denmark, the French Republic, the Federal Republic of Germany, the Hellenic Republic, the Republic of Hungary, the Republic of Iceland, the Italian Republic, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, the Kingdom of Norway, the Republic of Poland, the Portuguese Republic, Romania, the Kingdom of Spain, the Republic of Turkey, the Union of Soviet Socialist Republics, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland and the United States of America, hereinafter referred to as the States Parties,

Guided by the Mandate for Negotiation on Conventional Armed Forces in Europe of January 10, 1989, and having conducted this negotiation in Vienna beginning on March 9, 1989,

Guided by the objectives and the purposes of the Conference on Security and Cooperation in Europe, within the framework of which the negotiation of this Treaty was conducted,

Recalling their obligation to refrain in their mutual relations, as well as in their international relations in general, from the threat or use of force against the territorial integrity or political independence of any State, or in any other manner inconsistent with the purposes and principles of the Charter of the United Nations,

Meðvituð um nauðsyn þess að koma í veg fyrir hvers konar hernaðaráttök í Evrópu,

Conscious of the need to prevent any military conflict in Europe,

Meðvituð um hina sameiginlegu ábyrgð sem þau bera öll á því að leitast við að ná fram meiri stöðugleika og öryggi í Evrópu,

Conscious of the common responsibility which they all have for seeking to achieve greater stability and security in Europe,

Í viðleitni til að koma á nýju öryggiskerfi meðal allra aðildarríkja í stað togstreitu á hernaðarsviðinu, byggðu á friðsamlegri samvinnu, og þar með stuðla að því að vinna bug á skiptingu Evrópu,

Striving to replace military confrontation with a new pattern of security relations among all the States Parties based on peaceful cooperation and thereby to contribute to overcoming the division of Europe,

Bundin því markmiði að koma á öruggu og stöðugu jafnvægi hefðbundins herafla í Evrópu með minni hernaðarstyrk en hingað til, að eyða ójöfnuði sem ógnar stöðugleika og öryggi og umfram allt að útiloka að tök verði á að hrinda í framkvæmd skyndiárs eða hefja stórfelldar innrásaradgerðir í Evrópu,

Committed to the objectives of establishing a secure and stable balance of conventional armed forces in Europe at lower levels than heretofore, of eliminating disparities prejudicial to stability and security and of eliminating, as a matter of high priority, the capability for launching surprise attack and for initiating large-scale offensive action in Europe,

Minnug þess að þau undirrituðu eða gerðust aðilar að Brussel-samningnum frá 1948, Washington-samningnum frá 1949 eða Varsjár-samningnum frá 1955 og að þau eiga rétt til að vera aðilar að eða standa utan bandalagssamninga,

Recalling that they signed or acceded to the Treaty of Brussels of 1948, the Treaty of Washington of 1949 or the Treaty of Warsaw of 1955 and that they have the right to be or not to be a party to treaties of alliance,

Bundin því markmiði að tryggja að fjöldi hefðbundinna vopna og búnaðar, sem takmarkast af samningnum innan samningssvæðisins, fari ekki yfir 40.000 skriðdreka, 60.000 orrustubrynvagna, 40.000 stórskotaliðsvopn, 13.600 orrustuflugvélar og 4.000 árásarþyrlur,

Committed to the objective of ensuring that the numbers of conventional armaments and equipment limited by the Treaty within the area of application of this Treaty do not exceed 40,000 battle tanks, 60,000 armoured combat vehicles, 40,000 pieces of artillery, 13,600 combat aircraft and 4,000 attack helicopters,

Með vísun til þess að þessum samningi er ekki ætlað að hafa neikvæð áhrif á öryggishagsmuni nokkurs ríkis,

Affirming that this Treaty is not intended to affect adversely the security interests of any State,

Með vísun til skuldbindinga sinna um áframhaldandi takmörkun hefðbundins vígbúnaðar, þ.á m. með samningaviðræðum, með tilliti til krafna sem uppfylla þarf í framtíðinni til að tryggja stöðugleika í Evrópu og öryggi í ljósi stjórnmálaþróunar í Evrópu,

Affirming their commitment to continue the conventional arms control process including negotiations, taking into account future requirements for European stability and security in the light of political developments in Europe,

Hafa komið sér saman um eftirfarandi:

Have agreed as follows:

I. grein

Article I

1. Hvert aðildarríki mun framfylgja skuldbindingum samkvæmt samningi þessum í samræmi við ákvæði hans, þ.á m. þeim skuldbindingum sem varða eftirfarandi fimm flokka hefðbundins

1. Each State Party shall carry out the obligations set forth in this Treaty in accordance with its provisions, including those obligations relating to the following five categories of conventional

herafla: Skriðdreka, orrustubrynvagna, stórkotaliðsvopn, orrustuflugvélar og árásarþyrlur.

2. Hvert aðildarríki mun einnig framkvæma aðrar aðgerðir sem lýst er í samningi þessum og miða að því að tryggja öryggi og stöðugleika bæði á tímabilinu meðan niðurskurður hefðbundins heraflla stendur yfir og eftir að niðurskurði er lokið.

3. Þessum samningi fylgir Bókun um núverandi hefðbundin vopn og búnað, hér eftir nefnd Bókun um núverandi vopn, ásamt fylgiskjali; Bókun um aðferðir við endurflokkun vissra tegunda eða gerða orrustuhæfra þjálfunarflugvéla sem óvopnaðra þjálfunarflugvéla, hér eftir nefnd Bókun um endurflokkun flugvéla; Bókun um aðferðir við niðurskurð hefðbundinna vopna og búnaðar sem takmarkast af samningnum um hefðbundinn heraflla í Evrópu, hér eftir nefnd Bókun um niðurskurð; Bókun um aðferðir við flokkun orrustuþyrlna og endurflokkun fjölnota árásarþyrlna, hér eftir nefnd Bókun um endurflokkun þyrlna; Bókun um tilkynningar og upplýsingaskipti, hér eftir nefnd Bókun um upplýsingaskipti, ásamt fylgiskjali um form upplýsingaskipta, hér eftir nefnt fylgiskjal um form; Bókun um eftirlit; Bókun um sameiginlega samráðsnefnd og Bókun um bráðabirgðagildistöku vissra ákvæða samningsins um hefðbundinn heraflla í Evrópu, hér eftir nefnd Bókun um bráðabirgðagildistöku. Hvert þessara skjala telst óaðskiljanlegur hluti þessa samnings.

II. grein

1. Í þessum samningi merkir:

(A) Heitið „hópur aðildarríkja“ þann hópur aðildarríkja sem undirritaði Varsjár-samninginn* frá 1955 og er skipaður Lýðveldinu Búlgaríu, Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldinu, Lýðveldinu Ungverjalandi, Lýðveldinu Póllandi, Rúmeníu og Sovétríkjunum eða hópur þeirra ríkja sem undirrituðu eða gerðust

* Samningur um vánáttu, samvinnu og gagnkvæma aðstoð, undirritaður í Varsjá 14. maí 1955.

armed forces: battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft and combat helicopters.

2. Each State Party also shall carry out the other measures set forth in this Treaty designed to ensure security and stability both during the period of reduction of conventional armed forces and after the completion of reductions.

3. This Treaty incorporates the Protocol on Existing Types of Conventional Armaments and Equipment, hereinafter referred to as the Protocol on Existing Types, with an Annex thereto; the Protocol on Procedures Governing the Reclassification of Specific Models or Versions of Combat-Capable Trainer Aircraft Into Unarmed Trainer Aircraft, hereinafter referred to as the Protocol on Aircraft Reclassification; the Protocol on Procedures Governing the Reduction of Conventional Armaments and Equipment Limited by the Treaty on Conventional Armed Forces in Europe, hereinafter referred to as the Protocol on Reduction; the Protocol on Procedures Governing the Categorisation of Combat Helicopters and the Recategorisation of Multi-Purpose Attack Helicopters, hereinafter referred to as the Protocol on Helicopter Recategorisation; the Protocol on Notification and Exchange of Information, hereinafter referred to as the Protocol on Information Exchange, with an Annex on the Format for the Exchange of Information, hereinafter referred to as the Annex on Format; the Protocol on Inspection; the Protocol on the Joint Consultative Group; and the Protocol on the Provisional Application of Certain Provisions of the Treaty on Conventional Armed Forces in Europe, hereinafter referred to as the Protocol on Provisional Application. Each of these documents constitutes an integral part of this Treaty.

Article II

1. For the purposes of this Treaty:

(A) The term “group of States Parties” means the group of States Parties that signed the Treaty of Warsaw* of 1955 consisting of the Republic of Bulgaria, the Czech and Slovak Federal Republic, the Republic of Hungary, the Republic of Poland, Romania and the Union of Soviet Socialist Republics, or the group of

* The Treaty of Friendship, Cooperation and Mutual Assistance signed in Warsaw 14 May 1955.

aðilar að Brussel-samningnum** frá 1948 eða Washington-samningnum*** frá 1949 og er skipaður Konungsríkinu Belgíu, Kanada, Konungsríkinu Danmörku, Franska lýðveldinu, Sambandslýðveldinu Þýskalandi, Gríska lýðveldinu, Lýðveldinu Íslandi, Ítalska lýðveldinu, Stórhertogadæminu Lúxemborg, Konungsríkinu Hollandi, Konungsríkinu Noregi, Portúgalska lýðveldinu, Konungsríkinu Spáni, Lýðveldinu Tyrklandi, Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi og Bandaríkjum Norður-Ameríku.

States Parties that signed or acceded to the Treaty of Brussels** of 1948 or the Treaty of Washington*** of 1949 consisting of the Kingdom of Belgium, Canada, the Kingdom of Denmark, the French Republic, the Federal Republic of Germany, the Hellenic Republic, the Republic of Iceland, the Italian Republic, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, the Kingdom of Norway, the Portuguese Republic, the Kingdom of Spain, the Republic of Turkey, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland and the United States of America.

(B) Hugtakið „samningssvæði“ allt landssvæði aðildarríkjanna í Evrópu frá Atlantshafi til Úralfjalla, sem nær til allra eylandssvæða aðildarríkjanna í Evrópu, þ.á m. Færeyja Konungsríkisins Danmerkur, Svalbarða og Bjarnareyjar Konungsríkisins Noregs, Asorreyja og Madeira Portúgalska lýðveldisins, Kanaríeyja Konungsríkisins Spánar og Frans Jósefs-lands og Novaja Zemlja Sovétríkjanna. Hvað varðar Sovétríkin nær samningssvæðið til alls landssvæðis sem liggur vestan Úralár og Kaspíahafs. Hvað varðar Lýðveldið Tyrkland liggur samningssvæðið norðan og vestan línu sem er dregin frá þeim stað þar sem tyrknesku landamærin skera 39. breiddarbaug til Muradiye, Patnos, Karayazi, Tekman, Kemaliye, Feke, Ceyhan, Dogankent, Gözne og þaðan til sjávar.

(B) The term “area of application” means the entire land territory of the States Parties in Europe from the Atlantic Ocean to the Ural Mountains, which includes all the European island territories of the States Parties, including the Faroe Islands of the Kingdom of Denmark, Svalbard including Bear Island of the Kingdom of Norway, the islands of Azores and Madeira of the Portuguese Republic, the Canary Islands of the Kingdom of Spain and Franz Josef Land and Novaya Zemlya of the Union of Soviet Socialist Republics. In the case of the Union of Soviet Socialist Republics, the area of application includes all territory lying west of the Ural River and the Caspian Sea. In the case of the Republic of Turkey, the area of application includes the territory of the Republic of Turkey north and west of a line extending from the point of intersection of the Turkish border with the 39th parallel to Muradiye, Patnos, Karayazi, Tekman, Kemaliye, Feke, Ceyhan, Dogankent, Gözne and thence to the sea.

(C) Hugtakið „skriðdrekki“ vélknúinn bardagabrynnvagn sem gengur fyrir eigin vélarafli, hefur mikla skotgetu, fyrst og fremst úr aðalbyssu gæddri beinni skothæfni og miklum hlaupopshraða og hæft getur brynvarin og önnur skotmörk, hefur mikla akstursgetu utan vegar, mikinn sjálfsvarnarbúnað og er ekki hannaður eða útbúinn fyrst og fremst til orrustuherliðsflutninga. Slíkir brynnvagnar

(C) The term “battle tank” means a self-propelled armoured fighting vehicle, capable of heavy firepower, primarily of a high muzzle velocity direct fire main gun necessary to engage armoured and other targets, with high cross-country mobility, with a high level of self-protection, and which is not designed and equipped primarily to transport combat troops. Such armoured vehicles serve as the

** Samningurinn um efnahagslega, félagslega og menningarlega samvinnu og sameiginlegar sjálfsvarnir, undirritaður í Brussel 17. mars 1948.

*** Norður-Atlantshafssamningurinn, undirritaður í Washington 4. apríl 1949.

** The Treaty of Economic, Social and Cultural Collaboration and Collective Self-Defence signed in Brussels, 17 March 1948.

*** The North Atlantic Treaty signed in Washington, 4 April 1949.

mynda aðalvopnakerfi skriðdreka fylkinga landhers og annarra brynvarðra fylkinga.

Skriðdrekar eru bardagabrynvagnar á beltum sem eru a.m.k. 16,5 tonn að þyngd óhlaðnir og eru búnir 360 gráðu turnbyssu ekki minni en 75 millimetra að hlaupvídd. Þar að auki skulu bardagabrynvagnar á hjólum, sem teknir eru í notkun og uppfylla öll önnur framangreind skilyrði, einnig taldir skriðdrekar.

- (D) Hugtakið „orrustubrynvagn“ vélknúð farartæki með brynvörn og akstursgetu utan vegar. Til orrustubrynvagna teljast brynvarðir liðsflutningavagnar, bardagabrynvagnar fótgönguliðs og orrustuvagnar búnir þungavopnum.

Hugtakið „brynvarinn liðsflutningavagn“ orrustubrynvagn sem er hannaður og útbúinn til flutninga á fótgönguliðsflokki og er venjulega búinn sambyggðu eða samföstu vopni sem er innan við 20 mm að hlaupvídd.

Hugtakið „bardagabrynvagn fótgönguliðs“ orrustubrynvagn sem er hannaður og útbúinn aðallega til flutninga á fótgönguliðsflokki, gerir liðsmönnum yfirleitt kleift að skjóta innan úr farartækinu undir brynvörn og er búinn sambyggðri eða samfastri fallbyssu, sem er a.m.k. með 20 mm hlaupvídd, og stundum með skotbúnaði fyrir flugskeyti gegn skriðdreku. Bardagabrynvagnar fótgönguliðs eru aðalvopnakerfi brynvarins fótgönguliðs eða vélvædds fótgönguliðs eða fótgönguliðsfylkinga og sveita landhers búinna vélknúnum farartækjum.

Hugtakið „orrustuvagn búinn þungavopnum“ orrustubrynvagn sem er búinn sambyggðri eða samfastri byssu gæddri beinni skoðhæfni og með a.m.k. 75 mm hlaupvídd, er a.m.k. 6,0 tonn að tómaþyngd og fellur ekki undir skilgreininguna á brynvörðum liðsflutningavagni eða bardagabrynvagni fótgönguliðs eða skriðdreka.

- (E) Hugtakið „tómaþyngd“ þyngd farartækis fyrir utan þyngd skota, eldsneytis, olíu og smurólíu, sprengiblokkabrynvagnar sem hægt er

principal weapon system of ground-force tank and other armoured formations.

Battle tanks are tracked armoured fighting vehicles which weigh at least 16.5 metric tonnes unladen weight and which are armed with a 360-degree traverse gun of at least 75 millimetres calibre. In addition, any wheeled armoured fighting vehicles entering into service which meet all the other criteria stated above shall also be deemed battle tanks.

- (D) The term “armoured combat vehicle” means a self-propelled vehicle with armoured protection and cross-country capability. Armoured combat vehicles include armoured personnel carriers, armoured infantry fighting vehicles and heavy armament combat vehicles.

The term “armoured personnel carrier” means an armoured combat vehicle which is designed and equipped to transport a combat infantry squad and which, as a rule, is armed with an integral or organic weapon of less than 20 millimetres calibre.

The term “armoured infantry fighting vehicle” means an armoured combat vehicle which is designed and equipped primarily to transport a combat infantry squad, which normally provides the capability for the troops to deliver fire from inside the vehicle under armoured protection, and which is armed with an integral or organic cannon of at least 20 millimetres calibre and sometimes an antitank missile launcher. Armoured infantry fighting vehicles serve as the principal weapon system of armoured infantry or mechanised infantry or motorised infantry formations and units of ground forces.

The term “heavy armament combat vehicle” means an armoured combat vehicle with an integral or organic direct fire gun of at least 75 millimetres calibre, weighing at least 6.0 metric tonnes unladen weight, which does not fall within the definitions of an armoured personnel carrier, or an armoured infantry fighting vehicle or a battle tank.

- (E) The term “unladen weight” means the weight of a vehicle excluding the weight of ammunition; fuel, oil and lubricants; removable

að fjarlægja, varahluta, verkfæra og auka hluta, öndunarbúnaðar sem hægt er að fjarlægja, og áhafnar ásamt útbúnaði hennar.

reactive armour; spare parts, tools and accessories; removable snorkelling equipment; and crew and their personal kit;

(F) Hugtakið „stórskotalið“ skotkerfi með mikilli hlaupvídd sem getur hæft skotmörk á jörðu aðallega með óbeinum hætti. Slíkt stórskotaliðskerfi veitir sameiginlegum herliðsfylkingum meginhluta óbeins skotstuðnings.

(F) The term “artillery” means large calibre systems capable of engaging ground targets by delivering primarily indirect fire. Such artillery systems provide the essential indirect fire support to combined arms formations.

Stórskotaliðskerfi með mikilli hlaupvídd eru byssur og haubitsbyssur, stórskotaliðsvopn sem sameina eiginleika byssna og haubitsbyssna, sprengjuvörpur og fjölskota eldflaugakerfi með hlaupvídd sem er 100 mm eða meiri. Auk þess skulu öll framtíðarskotkerfi með mikilli hlaupvídd, gædd beinni skothæfni og virkri óbeinni skothæfni að auki falla undir hámarksfjölda stórskotaliðs.

Large calibre artillery systems are guns, howitzers, artillery pieces combining the characteristics of guns and howitzers, mortars and multiple launch rocket systems with a calibre of 100 millimetres and above. In addition, any future large calibre direct fire system which has a secondary effective indirect fire capability shall be counted against the artillery ceilings.

(G) Hugtakið „hefðbundinn herafli staðsettur erlendis“ hefðbundinn herafli aðildarríkis sem er staðsettur innan samningssvæðisins á landssvæði annars aðildarríkis.

(G) The term “stationed conventional armed forces” means conventional armed forces of a State Party that are stationed within the area of application on the territory of another State Party.

(H) Hugtakið „yfirlýst varanlegt geymslusvæði“ skýrt afmarkaðan stað, þar sem geymd eru hefðbundin vopn og búnaður sem takmarkast af samningnum, falla undir heildarhámarksfjölda en eru ekki háð þeim takmörkunum á hefðbundnum vopnum og búnaði sem takmarkast af samningnum hjá virkum sveitum.

(H) The term “designated permanent storage site” means a place with a clearly defined physical boundary containing conventional armaments and equipment limited by the Treaty, which are counted within overall ceilings but which are not subject to limitations on conventional armaments and equipment limited by the Treaty in active units.

(I) Hugtakið „brú lögd úr brynvagni“ vélknúinn brynvagn til brúarflutnings og brúarlagningar sem getur flutt, lagt með innbyggðu kerfi og tekið saman brúarmannvirki. Slíkt farartæki með brúarmannvirki verkar sem samhæft kerfi.

(I) The term “armoured vehicle launched bridge” means a self-propelled armoured transporter-launcher vehicle capable of carrying and, through built-in mechanisms, of emplacing and retrieving a bridge structure. Such a vehicle with a bridge structure operates as an integrated system.

(J) Hugtakið „hefðbundin vopn og búnaður sem takmarkast af samningnum“ skriðdreka, orrustubrynvagna, stórskotalið, orrustuflugvélar og árásarþyrlur sem eru háð fjöldatak-mörkunum samkvæmt IV., V. og VI. grein.

(J) The term “conventional armaments and equipment limited by the Treaty” means battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft and attack helicopters subject to the numerical limitations set forth in Articles IV, V and VI.

(K) Hugtakið „orrustuflugvél“ flugvél með föstum eða hreyfanlegum vængjum, sem er vopnuð og útbúin til árásar á skotmörk með

(K) The term “combat aircraft” means a fixed-wing or variable-geometry wing aircraft armed and equipped to engage targets by

- því að nota stýranleg flugskeyti, óstýranlegar eldflaugar, sprengjur, byssur, fallbyssur eða önnur eyðingarvopn, svo og allar tegundir eða gerðir slíkra flugvéla til nota í öðrum hernaðarlegum tilgangi, svo sem til könnunarflugs eða rafeindahernaðar. Hugtakið „orrustuflugvél“ nær ekki til aðalþjálfunarflugvéla.
- (L) Hugtakið „orrustuþyrla“ flugvél með snúningsvængjum sem er vopnuð og útbúin til árása á skotmörk eða með búnað til annarra hernaðaraðgerða. Hugtakið „orrustuþyrla“ nær til árásarþyrlna og orrustustuðningsþyrlna. Hugtakið „orrustuþyrla“ nær ekki til óvopnaðra flutningsþyrlna.
- (M) Hugtakið „árásarþyrla“ orrustuþyrlu búna til að beita stýranlegum vopnum gegn brynvörn eða stýranlegum vopnum skotið úr lofti að skotmarki á jörðu eða á lofti og búna samhæfðu skotstjórnarkerfi og miðunarbúnaði fyrir þessi vopn. Hugtakið „árásarþyrla“ nær til sérhæfðra árásarþyrlna og fjölnota árásarþyrlna.
- (N) Hugtakið „sérhæfð árásarþyrla“ árásarþyrlu sem er hönnuð aðallega til að beita stýranlegum vopnum.
- (O) Hugtakið „fjölnota árásarþyrla“ árásarþyrlu hannaða til fjölpættra hernaðarnota og búna til að beita stýranlegum vopnum.
- (P) Hugtakið „orrustustuðningsþyrla“ orrustuþyrlu sem uppfyllir ekki skilyrðin fyrir því að teljast árásarþyrla og sem hægt er að útbúa með fjölbreyttum sjálfsvarnarbúnaði og svæðiseyðingarvopnum, svo sem byssum, fallbyssum og óstýranlegum eldflaugum, sprengjum, klasasprengjum, eða má útbúa til annarra hernaðarnota.
- (Q) Hugtakið „samningsbundin hefðbundin vopn og búnaður“ skriðdreka, orrustubrynvagna, stórskotalið, orrustuflugvélar, aðalþjálfunarflugvélar, óvopnaðar þjálfunarflugvélar, orrustuþyrlur, óvopnaðar flutningsþyrlur, brýr lagðar úr brynvögnum, brynvarða gervi-liðsflutningavagna og gervi-barðagabrynvagna fótgönguliðs, sem skipst skal
- employing guided missiles, unguided rockets, bombs, guns, cannons, or other weapons of destruction, as well as any model or version of such an aircraft which performs other military functions such as reconnaissance or electronic warfare. The term “combat aircraft” does not include primary trainer aircraft.
- (L) The term “combat helicopter” means a rotary wing aircraft armed and equipped to engage targets or equipped to perform other military functions. The term “combat helicopter” comprises attack helicopters and combat support helicopters. The term “combat helicopter” does not include unarmed transport helicopters.
- (M) The term “attack helicopter” means a combat helicopter equipped to employ anti-armour, air-to-ground, or air-to-air guided weapons and equipped with an integrated fire control and aiming system for these weapons. The term “attack helicopter” comprises specialised attack helicopters and multi-purpose attack helicopters.
- (N) The term “specialised attack helicopter” means an attack helicopter that is designed primarily to employ guided weapons.
- (O) The term “multi-purpose attack helicopter” means an attack helicopter designed to perform multiple military functions and equipped to employ guided weapons.
- (P) The term “combat support helicopter” means a combat helicopter which does not fulfill the requirements to qualify as an attack helicopter and which may be equipped with a variety of self-defence and area suppression weapons, such as guns, cannons and unguided rockets, bombs or cluster bombs, or which may be equipped to perform other military functions.
- (Q) The term “conventional armaments and equipment subject to the Treaty” means battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft, primary trainer aircraft, unarmed trainer aircraft, combat helicopters, unarmed transport helicopters, armoured vehicle launched bridges, armoured personnel carrier look-alikes and

á upplýsingum um í samræmi við Bókunina um upplýsingaskipti.

armoured infantry fighting vehicle look-alikes subject to information exchange in accordance with the Protocol on Information Exchange.

- (R) Hugtakið „í notkun“, þegar það er notað um hefðbundinn herafla og hefðbundin vopn og búnað, skriðdreka, orrustubrynvagna, stórskotalið, orrustuflugvélar, aðalþjálfunarflugvélar, óvopnaðar þjálfunarflugvélar, orrustuþyrlur, óvopnaðar flutningsþyrlur, brýr lagðar úr brynvögnum, brynvarða gervi-liðsflutningavagna og gervi-bardagabrynvagna fótgönguliðs, sem eru innan samningssvæðisins, fyrir utan þá sem eru í vörslu stofnana, sem eru ætlaðar og byggðar upp til þess að þjóna innra öryggi á friðartímum, eða falla undir undantekningar sem tilgreindar eru í III. grein.
- (S) Hugtökin „brynvarinn gervi-liðsflutningavagn“ og „gervi-bardagavagn fótgönguliðs“ brynvarin farartæki byggð á sams konar grind og líkjast að utanverðu brynvörðum liðsflutningavagni og bardagabrynvagni fótgönguliðs, hafa ekki fallbyssu eða byssu með 20 mm hlaupvídd eða stærri og hafa verið smíðaðir eða þeim breytt þannig að ekki sé hægt að flytja með þeim fótgönguliðsflokk. Með tilliti til ákvæða Genfarsamnings frá 12. ágúst 1949 um bættu meðferð særðra og sjúkra hermanna á vígvelli, sem veita sjúkra-bifreiðum sérstöðu, skulu brynvarðar liðsflutninga-sjúkrabifreiðar ekki taldar orrustubrynvagnar eða brynvarðir gervi-liðsflutningavagnar.
- (T) Hugtakið „niðurskurðarsvæði“ skilmerkilega merktan stað þar sem niðurskurður hefðbundinna vopna og búnaðar fer fram samkvæmt VIII. grein.
- (U) Hugtakið „skuldbinding um niðurskurð“ þann fjölda hefðbundinna vopna og búnaðar í hverjum flokki sem takmarkast af samningnum og aðildarríki skuldbindur sig til þess að skera niður á 40 mánaða tímabili, frá því að þessi samningur gengur í gildi, til þess að uppfylla skilyrði VII. greinar.
- (R) The term “in service”, as it applies to conventional armed forces and conventional armaments and equipment, means battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft, primary trainer aircraft, unarmed trainer aircraft, combat helicopters, unarmed transport helicopters, armoured vehicle launched bridges, armoured personnel carrier look-alikes and armoured infantry fighting vehicle look-alikes that are within the area of application, except for those that are held by organisations designed and structured to perform in peacetime internal security functions or that meet any of the exceptions set forth in Article III.
- (S) The terms “armoured personnel carrier look-alike” and “armoured infantry fighting vehicle look-alike” mean an armoured vehicle based on the same chassis as, and externally similar to, an armoured personnel carrier or armoured infantry fighting vehicle, respectively, which does not have a cannon or gun of 20 millimetres calibre or greater and which has been constructed or modified in such a way as not to permit the transportation of a combat infantry squad. Taking into account the provisions of the Geneva Convention “For the Amelioration of the Conditions of the Wounded and Sick in Armed Forces in the Field” of 12 August 1949 that confer a special status on ambulances, armoured personnel carrier ambulances shall not be deemed armoured combat vehicles or armoured personnel carrier look-alikes.
- (T) The term “reduction site” means a clearly designated location where the reduction of conventional armaments and equipment limited by the Treaty in accordance with Article VIII takes place.
- (U) The term “reduction liability” means the number in each category of conventional armaments and equipment limited by the Treaty that a State Party commits itself to reduce during the period of 40 months following the entry into force of this Treaty in order to ensure compliance with Article VII.

2. Núverandi hefðbundin vopn og búnaður, sem takmarkast af samningnum, eru talin upp í Bókuninni um núverandi vopn. Endurnýja skal reglulega listana yfir núverandi vopn í samræmi við (D)-lið 2. málsgreinar XVI. greinar og IV. kafla Bókunarinnar um núverandi vopn. Slík endurnýjun á listunum yfir núverandi vopn skal ekki talin breyting á þessum samningi.

3. Þær tegundir núverandi orrustuþyrlna sem taldar eru upp í Bókuninni um núverandi vopn skulu flokkaðar í samræmi við I. kafla Bókunarinnar um endurflokkun þyrlna.

III. grein

1. Í tengslum við þennan samning skulu aðildarríkin styðjast við eftirfarandi talningarreglur:

Allir skriðdrekar, orrustubrynvagnar, stórskotalið, orrustuflugvélar og árásarþyrlur, eins og þau eru skilgreind í II. grein, skulu háð fjöldatakmörkunum innan samningssvæðisins og öðrum ákvæðum í IV., V. og VI. grein, með eftirfarandi undantekningum, í samræmi við venjur aðildarríkis:

- (A) eru í framleiðslu, þ.á m. við prófanir í tengslum við framleiðslu;
- (B) eru einungis notuð við rannsóknir og þróun;
- (C) tilheyra sögusöfnum;
- (D) bíða eyðingar, eftir að hafa verið tekin úr notkun í samræmi við IX. grein;
- (E) bíða útflutnings eða er verið að gera upp vegna útflutnings eða endurútflutnings og eru geymd til bráðabirgða á samningssvæðinu. Slíkir skriðdrekar, orrustubrynvagnar, stórskotalið, orrustuflugvélar og árásarþyrlur skulu geymd annars staðar en á yfirlýstum svæðum samkvæmt V. kafla Bókunarinnar um upplýsingaskipti eða á ekki fleiri en 10 slíkum yfirlýstum svæðum sem skulu hafa verið tilkynnt í árlegum upplýsingaskiptum árið áður. Í síðara tilfellinu skulu þau vera aðgreinanleg frá hefðbundnum vopnum og búnaði sem takmarkast af samningnum;

2. Existing types of conventional armaments and equipment subject to the Treaty are listed in the Protocol on Existing Types. The lists of existing types shall be periodically updated in accordance with Article XVI, paragraph 2, subparagraph (D) and Section IV of the Protocol on Existing Types. Such updates to the existing types lists shall not be deemed amendments to this Treaty.

3. The existing types of combat helicopters listed in the Protocol on Existing Types shall be categorised in accordance with Section 1 of the Protocol on Helicopter Recategorisation.

Article III

1. For the purposes of this Treaty, the States Parties shall apply the following counting rules:

All battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft and attack helicopters, as defined in Article II, within the area of application shall be subject to the numerical limitations and other provisions set forth in Articles IV, V and VI, with the exception of those which in a manner consistent with a State Party's normal practices:

- (A) are in the process of manufacture, including manufacturing-related testing;
- (B) are used exclusively for the purposes of research and development;
- (C) belong to historical collections;
- (D) are awaiting disposal, having been decommissioned from service in accordance with the provisions of Article IX;
- (E) are awaiting, or are being refurbished for, export or re-export and are temporarily retained within the area of application. Such battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft and attack helicopters shall be located elsewhere than at sites declared under the terms of Section V of the Protocol on Information Exchange or at no more than 10 such declared sites which shall have been notified in the previous year's annual information exchange. In the latter case, they shall be separately distinguishable from conventional armaments and equipment limited by the Treaty;

(F) eru brynvarðir liðsflutningavagnar, bardaga-brynvagnar fótgönguliðs, orrustuvagnar búnir þungavopnum eða fjölnota árásarþylur í vörslu stofnana sem er ætlað og eru uppbyggð til þess að þjóna innra öryggi á friðartímum; eða

(G) eru á leiðinni í gegnum samningssvæðið frá stað, sem er utan samningssvæðisins, til áfangastaðar, sem er utan samningssvæðisins, og eru ekki innan samningssvæðisins lengur en sjö daga samtals.

2. Ef aðildarríki tilkynnir oftár en tvisvar í árlegum upplýsingaskiptum í röð um óvenju marga slíka skriðdreka, orrustubrynvagna, stórskotaliðsvopn, orrustuflugvélar eða árásarþylur, sem eru tilkynningarskyld samkvæmt IV. kafla Bókunnarinnar um upplýsingaskipti, skal það gera grein fyrir ástæðu þess í sameiginlegu samráðsnefndinni, sé þess óskað.

IV. grein

1. Hvert aðildarríki skal takmarka og, eftir því sem við á, skera niður skriðdreka sína, orrustubrynvagna, stórskotalið, orrustuflugvélar og árásarþylur innan samningssvæðisins, eins og það er skilgreint í II. grein, þannig að 40 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings og þaðan í frá skulu slík vopn ekki vera fleiri innan þess aðildarríkjahóps, sem það tilheyrir, eins og hann er skilgreindur í II. grein, en:

(A) 20.000 skriðdrekar, þar af skulu ekki fleiri en 16.500 vera í virkum sveitum;

(B) 30.000 orrustubrynvagnar, þar af skulu ekki fleiri en 27.300 vera í virkum sveitum. Af þessum 30.000 orrustubrynvögnum skulu ekki fleiri en 18.000 vera bardagabrynvagnar fótgönguliðs og orrustuvagnar búnir þungavopnum; af bardagabrynvögnum fótgönguliðs og orrustuvögnum búnur þungavopnum skulu ekki fleiri en 1.500 vera orrustuvagnar búnir þungavopnum;

(C) 20.000 stórskotaliðsvopn, þar af skulu ekki fleiri en 17.000 vera í virkum sveitum;

(D) 6.800 orrustuflugvélar; og

(E) 2.000 árásarþylur.

(F) are, in the case of armoured personnel carriers, armoured infantry fighting vehicles, heavy armament combat vehicles or multi-purpose attack helicopters, held by organisations designed and structured to perform in peacetime internal security functions; or

(G) are in transit through the area of application from a location outside the area of application to a final destination outside the area of application, and are in the area of application for no longer than a total of seven days.

2. If, in respect of any such battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft or attack helicopters, the notification of which is required under Section IV of the Protocol on Information Exchange, a State Party notifies an unusually high number in more than two successive annual information exchanges, it shall explain the reasons in the Joint Consultative Group, if so requested.

Article IV

1. Within the area of application, as defined in Article II, each State Party shall limit and, as necessary, reduce its battle tanks, armoured combat vehicles, artillery, combat aircraft and attack helicopters so that, 40 months after entry into force of this Treaty and thereafter, for the group of States Parties to which it belongs, as defined in Article II, the aggregate numbers do not exceed:

(A) 20,000 battle tanks, of which no more than 16,500 shall be in active units;

(B) 30,000 armoured combat vehicles, of which no more than 27,300 shall be in active units. Of the 30,000 armoured combat vehicles, no more than 18,000 shall be armoured infantry fighting vehicles and heavy armament combat vehicles; of armoured infantry fighting vehicles and heavy armament combat vehicles, no more than 1,500 shall be heavy armament combat vehicles;

(C) 20,000 pieces of artillery, of which no more than 17,000 shall be in active units;

(D) 6,800 combat aircraft; and

(E) 2,000 attack helicopters.

Skriðdrekar, orrustubrynvagnar og stórskotalið, sem eru ekki í virkum sveitum, skulu geymd á yfirlýstum varanlegum geymslsvæðum, eins og þau eru skilgreind í II. grein, og skulu þau aðeins staðsett á svæðinu sem er lýst í 2. málsgrein þessarar greinar. Slík yfirlýst varanleg geymslsvæði mega einnig vera á því svæði innan Sovétríkjanna sem nær yfir Odessa-hersvæðið og suðurhluta Leningrad-hersvæðisins. Á Odessa-hersvæðinu má ekki geyma með þessum hætti fleiri en 400 skriðdreka og ekki fleiri en 500 stórskotaliðsvopn. Á suðurhluta Leningrad-hersvæðisins má ekki geyma með þessum hætti fleiri en 600 skriðdreka, 800 orrustubrynvagna, þ.á m. ekki fleiri en 300 orrustubrynvagna af nokkurri gerð, en afgangurinn verði brynvarðir liðsflutningavagnar, og ekki fleiri en 400 stórskotaliðsvopn. Suðurhluti Leningrad-hersvæðisins telst landssvæðið innan þess hersvæðis sem er sunnan austur-vesturlínu á 60 gráðum, 15 mínútum, norðlægrar breiddar.

2. Innan þess svæðis, sem nær til alls evrópsks landssvæðis, þ.á m. alls evrópsks eylandssvæðis, Konungsríkisins Belgíu, Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, Konungsríkisins Danmerkur, þ.á m. Færeyja, Franska lýðveldisins, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Lýðveldisins Ungverjalands, Ítalska lýðveldisins, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar, Konungsríkisins Hollands, Lýðveldisins Póllands, Portúgalska lýðveldisins, þ.á m. Asoreyja og Madeira, Konungsríkisins Spánar, þ.á m. Kanaríeyja, Sameinada konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og þess hluta landssvæðis Sovétríkjanna vestan Úralfjalla sem nær yfir hersvæði Eystrasalts, Hvíta-Rússlands, Karpata, Kiev, Moskvu og Volgu-Úrals, skal hvert ríki takmarka eða, eftir því sem við á, skera niður skriðdreka sína, orrustubrynvagna og stórskotalið, þannig að 40 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings og þaðan í frá skulu þessi vopn ekki vera fleiri í heild innan þess aðildarríkjahóps, sem þau tilheyra, en:

- (A) 15.300 skriðdrekar, þar af skulu ekki fleiri en 11.800 vera í virkum sveitum;
- (B) 24.100 orrustubrynvagnar, þar af skulu ekki fleiri en 21.400 vera í virkum sveitum; og

Battle tanks, armoured combat vehicles and artillery not in active units shall be placed in designated permanent storage sites, as defined in Article II, and shall be located only in the area described in paragraph 2 of this Article. Such designated permanent storage sites may also be located in that part of the territory of the Union of Soviet Socialist Republics comprising the Odessa Military District and the southern part of the Leningrad Military District. In the Odessa Military District, no more than 400 battle tanks and no more than 500 pieces of artillery may be thus stored. In the southern part of the Leningrad Military District, no more than 600 battle tanks, no more than 800 armoured combat vehicles, including no more than 300 armoured combat vehicles of any type with the remaining number consisting of armoured personnel carriers, and no more than 400 pieces of artillery may be thus stored. The southern part of the Leningrad Military District is understood to mean the territory within that military district south of the line East-West 60 degrees 15 minutes northern latitude.

2. Within the area consisting of the entire land territory in Europe, which includes all the European island territories, of the Kingdom of Belgium, the Czech and Slovak Federal Republic, the Kingdom of Denmark including the Faroe Islands, the French Republic, the Federal Republic of Germany, the Republic of Hungary, the Italian Republic, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, the Republic of Poland, the Portuguese Republic including the islands of Azores and Madeira, the Kingdom of Spain including the Canary Islands, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland and that part of the territory of the Union of Soviet Socialist Republics west of the Ural Mountains comprising the Baltic, Byelorussian, Carpathian, Kiev, Moscow and Volga-Ural Military Districts, each State Party shall limit and, as necessary, reduce its battle tanks, armoured combat vehicles and artillery so that, 40 months after entry into force of this Treaty and thereafter, for the group of States Parties to which it belongs the aggregate numbers do not exceed:

- (A) 15,300 battle tanks, of which no more than 11,800 shall be in active units;
- (B) 24,100 armoured combat vehicles, of which no more than 21,400 shall be in active units; and

(C) 14.000 stórskotaliðsvopn, þar af skulu ekki fleiri en 11.000 vera í virkum sveitum.

3. Innan þess svæðis, sem nær til alls evrópsks landssvæðis, þ.á m. alls evrópsks eylandssvæðis, Konungsríkisins Belgíu, Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, Konungsríkisins Danmerkur, þ.á m. Færeyja, Franska lýðveldisins, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Lýðveldisins Ungverjaland, Ítalska lýðveldisins, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar, Konungsríkisins Hollands, Lýðveldisins Póllands, Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og þess hluta landssvæðis Sovétríkjanna sem nær yfir hersvæði Eystrasalts, Hvíta-Rússlands, Karpata og Kiev, skal hvert aðildarríki takmarka og, eftir því sem við á, skera niður skriðdreka sína, orrustubrynvagna og stórskotalið, þannig að 40 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings og þaðan í frá skulu slík vopn í virkum sveitum ekki vera fleiri í heild innan þess aðildarríkjahóps, sem þau tilheyra, en:

(A) 10.300 skriðdrekar;

(B) 19.260 orrustubrynvagnar; og

(C) 9.100 stórskotaliðsvopn; og

(D) á Kiev-hersvæðinu skulu slík vopn í virkum sveitum og á yfirlýstum varanlegum geymslusvæðum ekki vera fleiri í heild en:

(1) 2.250 skriðdrekar;

(2) 2.500 orrustubrynvagnar; og

(3) 1.500 stórskotaliðsvopn.

4. Innan þess svæðis, sem nær til alls evrópsks landssvæðis, þ.á m. alls evrópsks eylandssvæðis, Konungsríkisins Belgíu, Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Lýðveldisins Ungverjaland, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar, Konungsríkisins Hollands og Lýðveldisins Póllands, skal hvert aðildarríki takmarka og, eftir því sem við á, skera niður skriðdreka sína, orrustubrynvagna og stórskotalið þannig að 40 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings og þaðan í frá skulu slík vopn í virkum sveitum ekki vera fleiri í heild innan þess aðildarríkjahóps, sem þau tilheyra, en:

(A) 7.500 skriðdrekar;

(B) 11.250 orrustubrynvagnar; og

(C) 5.000 stórskotaliðsvopn.

(C) 14,000 pieces of artillery, of which no more than 11,000 shall be in active units.

3. Within the area consisting of the entire land territory in Europe, which includes all the European island territories, of the Kingdom of Belgium, the Czech and Slovak Federal Republic, the Kingdom of Denmark including the Faroe Islands, the French Republic, the Federal Republic of Germany, the Republic of Hungary, the Italian Republic, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, the Republic of Poland, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland and that part of the territory of the Union of Soviet Socialist Republics comprising the Baltic, Byelorussian, Carpathian and Kiev Military Districts, each State Party shall limit and, as necessary, reduce its battle tanks, armoured combat vehicles and artillery so that, 40 months after entry into force of this Treaty and thereafter, for the group of States Parties to which it belongs the aggregate numbers in active units do not exceed:

(A) 10,300 battle tanks;

(B) 19,260 armoured combat vehicles; and

(C) 9,100 pieces of artillery; and

(D) in the Kiev Military District, the aggregate numbers in active units and designated permanent storage sites together shall not exceed:

(1) 2,250 battle tanks;

(2) 2,500 armoured combat vehicles; and

(3) 1,500 pieces of artillery.

4. Within the area consisting of the entire land territory in Europe, which includes all the European island territories, of the Kingdom of Belgium, the Czech and Slovak Federal Republic, the Federal Republic of Germany, the Republic of Hungary, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands and the Republic of Poland, each State Party shall limit and, as necessary, reduce its battle tanks, armoured combat vehicles and artillery so that, 40 months after entry into force of this Treaty and thereafter, for the group of States Parties to which it belongs the aggregate numbers in active units do not exceed:

(A) 7,500 battle tanks;

(B) 11,250 armoured combat vehicles; and

(C) 5,000 pieces of artillery.

5. Aðildarríki í sama aðildarríkjahópi mega staðsetja skriðdreka, orrustubrynvagna og stórskotalið í virkum sveitum á hverju þeirra svæða, sem lýst er í þessari grein og (A)-lið 1. málsgreinar V. greinar, allt að þeim fjöldatakmörkunum sem gilda á því svæði, í samræmi við þann hámarksfjölda í vörslu þeirra sem tilkynntur var samkvæmt VII. grein og með því skilyrði að ekkert aðildarríki staðsetji hefðbundinn herafla á landssvæði annars aðildarríkis án samþykkis þess.

6. Ef heildarfjöldi skriðdreka, orrustubrynvagna og stórskotaliðs aðildarríkjahóps í virkum sveitum á því svæði, sem lýst er í 4. málsgrein þessarar greinar, er innan við þær fjöldatakmörkanir sem tilgreindar eru í 4. málsgrein þessarar greinar, og með því skilyrði að þar með sé ekki komið í veg fyrir að nokkurt aðildarríki nái þeim hámarksfjölda í vörslu þess, sem tilkynntur var samkvæmt 2., 3. og 5. málsgrein VII. greinar, mega aðildarríki, sem tilheyra þeim aðildarríkjahópi, staðsetja vopnafjölda sem samsvarar mismuninum milli heildarfjöldans í hverjum flokki skriðdreka, orrustubrynvagna og stórskotaliðs og þeirra fjöldatakmörkana, sem tilgreindar eru fyrir það svæði sem er lýst í 3. málsgrein þessarar greinar, í samræmi við þær fjöldatakmörkanir sem tilgreindar eru í 3. málsgrein þessarar greinar.

V. grein

1. Til þess að öryggi hvers aðildarríkis sé ávallt tryggt:

(A) innan þess svæðis sem nær til alls evrópsks landssvæðis, þ.á m. alls evrópsks eylandssvæðis, Lýðveldisins Búlgaríu, Gríska lýðveldisins, Lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs, Rúmeníu, þess hluta Lýðveldisins Tyrklands sem er innan samningssvæðisins og þess hluta Sovétríkjanna sem nær til hersvæða Leningrads, Odessa, Transkákasus og Norður-Kákasus, skal hvert aðildarríki takmarka og, eftir því sem við á, skera niður skriðdreka sína, orrustubrynvagna og stórskotalið þannig að 40 mánuðum eftir gildistöku þessa samnings og þaðan í frá skulu slíki vopn í virkum sveitum ekki vera fleiri í heild innan þess aðildarríkjahóps, sem þau tilheyra, en sem nemur mismuninum milli heildarfjöldatakmörkana samkvæmt 1.

5. States Parties belonging to the same group of States Parties may locate battle tanks, armoured combat vehicles and artillery in active units in each of the areas described in this Article and Article V, paragraph 1, subparagraph (A) up to the numerical limitations applying in that area, consistent with the maximum levels for holdings notified pursuant to Article VII and provided that no State Party stations conventional armed forces on the territory of another State Party without the agreement of that State Party.

6. If a group of States Parties' aggregate numbers of battle tanks, armoured combat vehicles and artillery in active units within the area described in paragraph 4 of this Article are less than the numerical limitations set forth in paragraph 4 of this Article, and provided that no State Party is thereby prevented from reaching its maximum levels for holdings notified in accordance with Article VII, paragraphs 2, 3 and 5, then amounts equal to the difference between the aggregate numbers in each of the categories of battle tanks, armoured combat vehicles and artillery and the specified numerical limitations for that area may be located by States Parties belonging to that group of States Parties in the area described in paragraph 3 of this Article, consistent with the numerical limitations specified in paragraph 3 of this Article.

Article V

1. To ensure that the security of each State Party is not affected adversely at any stage:

(A) within the area consisting of the entire land territory in Europe, which includes all the European island territories, of the Republic of Bulgaria, the Hellenic Republic, the Republic of Iceland, the Kingdom of Norway, Romania, the part of the Republic of Turkey within the area of application and that part of the Union of Soviet Socialist Republics comprising the Leningrad, Odessa, Transcaucasus and North Caucasus Military Districts, each State Party shall limit and, as necessary, reduce its battle tanks, armoured combat vehicles and artillery so that, 40 months after entry into force of this Treaty and thereafter, for the group of States Parties to which it belongs the aggregate numbers in active units do not exceed the differ-

málgrein IV. greinar og 2. málgrein IV. greinar, þ.e.:

- (1) 4.700 skriðdrekar;
- (2) 5.900 orrustubrynvagnar; og
- (3) 6.000 stórskotaliðsvopn.

(B) Þrátt fyrir þær fjöldatakmarkanir, sem eru í (A)-lið þessarar málgreinar, mega eitt eða fleiri aðildarríki að auki taka í notkun fleiri vopn í virkum sveitum til bráðabirgða á landssvæði sem lýst er í (A)-lið þessarar málgreinar og tilheyrir sama aðildarríkjahópi, þó ekki fleiri en:

- (1) 459 skriðdreka;
- (2) 723 orrustubrynvagna; og
- (3) 420 stórskotaliðsvopn; og

(C) með því skilyrði að í hverjum aðildarríkjahópi sé ekki meira en þriðjungur þessa aukafjölda vopna staðsettur í hverju aðildarríki með landssvæði innan svæðisins sem er lýst í (A)-lið þessarar málgreinar, þ.e.:

- (1) 153 skriðdrekar;
- (2) 241 orrustubrynvagn; og
